


skoðun 14




3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MÁNUDAGUR

12. júlí 2010 — 161. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Ítalir hrifnir af Sunbird

*Ítalska barnatískublaðið Collezione Baby hrífst af íslenska barnafatamerkinu Sunbird.*

fólk 30

## Ævintýralegt upphaf

*Sumartónleikar í Skálholti voru haldnir í fyrsta sinn fyrir 35 árum.*

tímamót 18



## Tekur sér hlé

*Drew Barrymore hættir að leika í bili til þess að hugsa sinn gang.*

fólk 22

## veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** og víða skúrir. Í dag má búast við hæglætisveðri og breytilegri átt. Horfur eru á skúrum í flestum landshlutum, einkum síðdegis inn til landsins en síst við norðaustur- og austurströndina.

VEÐUR 4



**BIKARINN Á LOFT** Andrés Iniesta og liðsfélagar hans fagna fyrsta heimsmeistaratitli sínum í Jóhannesarborg í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# SPÁNVERJAR BESTIR

Spánverjar sýndu og sönnuðu í gær að þeir eiga besta knattspyrnulið í heimi. Þeir hafa heillað knattspyrnuunnendur með léttleikandi spili allt mótið og stigvaxandi leikur þeirra náði hámarki gegn Hollandi í úrslitaleiknum í gær.

Það þurfti þó 117 mínútur til að brjóta varnarmúr Hollendinga á bak aftur. Það kom engum á óvart að hetja Spánverja væri frá Barcelona. Hetjan var Andrés Iniesta, ekki David Villa sem skoraði flest mörk Spánverja á mótinu eða Xavi sem stýrði spili liðsins eins og sannur meistari. Iniesta er gulldrengurinn.

Bæði lið áttu að skora í venjulegum leiktíma og einnig í framlengingunni. Það gerði þó aðeins Iniesta þegar allt stefndi í vítaspyrnukeppni. Hann stal senunni en það var vel við hæfi þar sem hann var besti maður vallarins.

„Stundum rætast draumar,“ sagði tárvotur fyrirliðinn, Iker Casillas, eftir að bikarinn fór á loft. - hþh

**sport** LEIKURINN Í MÁLI OG MYNDUM 26 FORLÁN BESTUR 27 ÞJÓÐVERJAR SÁTTIR VIÐ BRONSIÐ 27

# 740 kíló af amfetamíni á ári

**Um 740 kíló af amfetamíni flæða um fíkniefnamarkaðinn hér á ári, samkvæmt rannsókn Ara Matthíassonar. Götuvirðið er um fjórir milljarðar króna. Haldlagning stórra dópsendinga slær lítið á framboð.**

**LÖGREGLUMÁL** Áætluð ársþörf amfetamíns á markaði hér á landi er um 740 kíló og götuverð þess tæpir fjórir milljarðar króna. Þetta segir Ari Matthíasson fyrrum framkvæmdastjóri hjá SÁÁ. Hann vann fyrr á þessu ári meistararitgerð í heilsuhagfræði þar sem hann birti niðurstöður rannsóknar sinnar á þjóðfélagslegri byrði af áfengis- og vímuefnaneyslu.

Ari byggir niðurstöðuna á fjölda fíkla háðum sterkum fíkniefnum sem komu inn á Vog 2008 og þeirri þumalputtareglu að fyrir hvern stórneytanda í meðferð séu tveir úti í samfélaginu. „Út frá því er hægt að áætla að ársþörfin sé á ofangreindum nótum,“ segir Ari en með stórneytanda er átt við einstakling sem notar eitt gramm efnis á dag.

Ari segir eðli málsins samkvæmt erfitt að áætla með nákvæmni hversu stór fíkniefnamarkaðurinn sé þar sem hann sé utan laga og reglu. „Á hinn bóginn er hægt að athuga hvað gerist þegar mikið magn efna er haldlagt á einu bretti. Það ætti vissulega að hafa mikil áhrif á verðmyndun á markaði. En það virðist ekki gerast. Stór haldlagning hefur lítil áhrif og í skamman tíma. Það þýðir að það berst mikið af efnum inn á markaðinn og hann er skilvirkur. Hann virðist hafa náð tiltekinni stærð og með því fer að skapast grundvöllur fyrir skipulagða glæpastarfsemi.“

Með þessu á Ari við að það krefjist mikillar skipulagningar að fjármagna stórar sendingar. Um sé að ræða stórgreiðsluviðskipti og fjársterkur aðili þarf því að leggja fram fé. Ef smyglið heppnast sé ávinningurinn mikill. Þetta séu forsendur skipulagðrar glæpastarfsemi.

Ari segir nýlega haldlagningu lögreglunnar á 20 lítrum af amfetamínbasa afrek. Úr því hefði verið hægt að framleiða 264 kíló af amfetamíni. „Hefði þetta farið á markað hefði það skapað átök um framboð, verð og svæði. En gjaldeyrishöftin og öflug löggæsla ættu að leiða til þess að innflutningur fíkniefna verði erfiðari en áður.“ - jss










**SPURNING DAGSINS**



*Björt, er hátíðin lunga lista á Íslandi?*

„Já, þar sem hjartað slær.“

Björt Sigfinnsdóttir er einn af skipuleggjendum listahátíðarinnar LungA sem haldin er á Seyðisfirði í tíunda skipti í ár.

Jón Ásgeir Jóhannesson segir 38 milljarða króna í erlendum bönkum hafa verið í eigu Iceland Foods:

# Kroll kannar hver átti innistæðurnar

**DÓMSMÁL** Malcolm Walker, forstjóri bresku verslanakeðjunnar Iceland Foods, segir fyrirtækið hafa átt mikla fjármuni á bankareikningum haustið 2008. Hann getur ekki staðfest hvort það hafi verið 38 milljarðar króna. Rannsóknarfyrirtækið Kroll er nú að staðreyna hvort peningarnir hafi í raun tilheyrt Iceland Foods.

Slitastjórn Glitnis telur líklegt að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi átt 38 milljarða króna bankainnistæður í erlendum bönkum hálfum mánuði fyrir bankahrun. Byggir hún grun sinn á tölvuskeyti sem Jón Ásgeir Jóhannesson sendi Lárusi Welding, forstjóra Glitnis, með afriti á Jón Sigurðsson, forstjóra FL Group, viku fyrir þjóðnýtingu bankans.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar tvö sagði Jón Ásgeir innistæðurnar hafa hafa verið í eigu Iceland Foods en bæði FL Group og Glitnir voru á þessum tíma hluthafar í Iceland Foods. „Þetta voru því upplýsingar sem voru að fara á milli hluthafa,“ segir Jón Ásgeir. Ef það er rétt, eru áhöld um hvort Jóni Ásgeiri hafi verið heimilt að upplýsa Lárus Welding og Jón Sigurðsson.

Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans, sem er stærsti hluthafinn í Iceland, segist munu grennslast fyrir um hvort innistæðurnar tilheyrðu í raun Iceland Foods, það væru hagsmunir allra að upplýsa málið.

- þþ



**JÓN ÁSGEIR OG JÓN SIGURÐSSON** Jón Ásgeir vísar ásökunum um að hann eigi 38 milljarða í erlendum bönkum á bug.

Betur fór en á horfðist:

## Kastaðist af mótorhjóli við framúrakstur

**SLYS** Karlmaður kastaðist af mótorhjóli á Miklubraut skömmu eftir hádegi í gær. Hann lenti á umferðareyju við girðingu sem aðgreinir umferðina eftir brautinni. Mótorhjólið rann niður eftir brautinni tugi metra.

Að sögn sjónarvotts var vélhjólamaðurinn að taka fram úr bifreið og sýndist sjónarvottinum sem hann hefði síðan misst stjórn á mótorhjólinu. Maðurinn var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans. Að sögn vakthafandi læknis virtist maðurinn ekki alvarlega slasaður við fyrstu skoðun.

Ísraelar stöðva umferð:

## Ekkert skip kemst til Gasa

**ÍSRAEL Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, hefur varað aðgerðarsinna, sem ætla sér að flytja hjálpargögn til Gasa, við því að þeir muni ekki geta lokið verki sínu. Ísraelski sjóherinn undirbýr sig undir að grípa inn í ef för líbíska skipsins heldur áfram.**

**„Ég segi það skýrt, ekkert skip mun koma til Gasa. Fullveldi okkar verður ekki velt,“ sagði Lieberman um málið.**

**Skipstjóri skipsins segist ekki hafa fengið nein tilmæli frá Ísrael um leiðangurinn og ætlar að halda áfram. Gerir hann ráð fyrir að komast til Gasa á miðvikudag.**

**Sex vikur eru síðan níu Tyrkir voru drepnir við að reyna að koma hjálpargögnum til Gasa. Þær aðgerðir Ísraelsmanna voru fordæmdar af mörgum leiðtogum heims.**

- bþh

# Búið að keyra niður 75 kindur fyrir vestan

**Ekið hefur verið á 75 kindur á Vestfjörðum það sem af er sumri. Einungis þrír til fjórir ökumenn hafa tilkynnt ákeyrslu. Hinir hafa ekið burt frá fénu dauðu eða limlestu. Girða þarf þúsund kílómetra til að koma í veg fyrir lausagöngu.**

**LÖGREGLUMÁL** Sjötíu og fimm kindur hafa verið keyrðar niður á þjóðvegum á Vestfjörðum á tímabilinu 17. maí til 11. júlí. Síðast í fyrrinótt var ekið yfir tvö lömb sem bæði drápust.

Einungis þrír eða fjórir ökumenn af öllum þessum fjölda hafa tilkynnt óhappið. Hinir hafa ekið í burtu frá fénu dauðu eða limlestu.

Þetta segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum.

„Þessar ákeyrslur á sauðfé er árviss viðburður hjá okkur,“ segir hann. „Svo þegar lömbin fara að stækka, verða vitrari og varkárari fer heldur að draga úr þessu, því þau forðast þá frekar bílana. En ég tel að þetta haldi áfram fram yfir smölun í haust.“

Önundur segir að þeir ökumenn sem tilkynni ákeyrslu á fé séu hinir sömu og verði fyrir miklu tjóni á bílum sínum við áreksturinn. Hinir láti dýrin liggja eftir.

„Yfirleitt kemst þetta þannig upp að aðrir vegfarendur láta okkur vita. Bóndinn sem á kindina sem ekið hefur verið á hefur síðan samband við okkur. Við skráum atvikið í dagbók lögreglu, prentum skráninguna út og sendum til viðkomandi tryggingafélags. Bændurnir eru tryggðir fyrir þessu að einhverju marki.“

Önundur segir að þarna sé fyrst og fremst um tryggingamál að ræða, en að sjálfsögðu einnig brot á dýraverndunarlögum, þegar ekið er á skepnu án þess að tilkynna það.

„En það liggur of mikill kostnaður í því fyrir lögreglu að finna ökumann er hefur ekið á skepnu sem er búin að liggja í smá stund, svo ekki sé talað um tvo eða þrjá daga.“

Önundur kveðst telja að þeir sem skilji dýrin eftir í blóði sínu, lífs eða liðin, séu ekkert að stoppa. Þeir haldi bara áfram.

„En það hlýtur að sækja eitthvað á menn þegar þeir hafa farið svona að ráði sínu og skilja dýrið eftir dautt eða limlest.“

Önundur segir að þegar tilkynning um ákeyrslu berist lögreglu sjái hún um aflífun dýrsins sé ekki um mjög langan veg að fara. Ella sé haft samband við bændur nærri slysstað og einhver þeirra beðinn um að annast aflífunina.

Spurður hvort ekki sé hægt að stemma stigu við ákeyrslum á búfénað með girðingum meðfram þjóðveginum í umdæminu bendir Önundur á að þá þyrfti að girða þúsund kílómetra langa girðingu. Misjafnar skoðanir séu uppi á svo stórri framkvæmd.

jss@frettabladid.is



**Í HÆTTU Á SUMRIN** Sauðfé við þjóðveginn í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum er í hættu á sumrin vegna vangár sumra ökumanna með hörmulegum afleiðingum. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> En það hlýtur að sækja eitthvað á menn þegar þeir hafa farið svona að ráði sínu og skilja dýrið eftir dautt eða limlest.“
>
> **ÖNUNDUR JÓNSSON**
> YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Banaslys í Neskaupstað:

## Lést þegar hún féll fyrir björg

Ung kona lét lífið þegar hún féll fyrir björg í Urðum í Fólkvangi Norðfjarðar í gær.

Fallið var um átján til tuttugu metrar og var konan látin þegar að var komið. Unga konan var fædd 1989 og var gestkomandi í bænum.

Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu.

- áp

Gegnsæi hjá dómsstólum:

## Íslenska kerfið leynir gögnum

**DÓMSTÓLAR** Gegnsæi er mun meira í bandarísku réttarkerfi en hér á landi. Nær öll dómsgögn máls slitastjórnar Glitnis gegn fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans voru birt á vef dómstólsins, þar á meðal allar eiðsvarnar yfirlýsingar og ítarlegar upplýsingar um málsástæður og lagarök aðila málsins. Þetta komk fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Dómsniðurstöður eru birtar á vefsíðum hér á landi, í flestum tilvikum með nöfnum málsaðila og ákæruskjöl eru aðgengileg þremur dögum eftir birtingu ákæru. Enginn annar aðgangur er veittur.

- sv

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Brotist inn á Selfossi

Brotist var inn í félagsheimili hestamanna á Selfossi í fyrrinótt. Skemmdir voru unnar á bústaðnum en ekki er útlit fyrir að neinu hafi verið stolið að sögn lögreglu.

### Flatskjá rænt í Árnessýslu

Tilkynnt var um innbrot í sumarbústað í Árnessýslu. Þjófarnir höfðu á brott með sér flatskjá en ekki er vitað hvenær þeir voru að verki. Innbrotið uppgötvaðist þegar eigendur bústaðarins komu að seint í fyrrinótt.






Hitamet slegin í Evrópu í fyrstu hitabylgju sumarsins:

# Meðalhitinn milli 30 og 40 gráður

**EVRÓPA** Mikil hitabylgja gengur nú yfir Norðurlöndin og Evrópu. Í Svíþjóð er hásumarið í fullum blóma og hefur hiti mælst 30 gráður á hverjum degi í vikunni.

Svipaða sögu er að segja í Noregi og Danmörku og er fólk varað ofþornun og of mikilli útiveru. Eldri borgarar eru hvattir til þess að fara varlega og eru elliheimili í Danmörku að byrgja sig upp af viftum og loftkælingum fyrir vistmenn sína.

Víða í Evrópu hefur hitabylgja gert óskunda. Á Englandi, þar sem hitinn hefur verið yfir 30 gráðum í nokkurn tíma, hafa fjölmörg banaslys verið rakin til hitans.

Á Spáni hefur hitinn verið um 39 gráður undanfarna viku og yfirvöld í Belgíu vara við vatnsskorti í landinu haldi áfram að vera svona þurrt og heitt í veðri.

Búist er við að þessi fyrsta hitabylgja sumarsins í Evrópu gangi yfir í næstu viku.

Vestanhafs er líka mjög heitt. Í New York í Bandaríkjunum hefur hitinn farið upp í 40 stig og hafa borgaryfirvöld opnað loftkælingaherbergi víðs vegar um borgina.

-áp



**HEITT OG RAKT** Hitabylgja gengur nú yfir Evrópu og nágranna okkar á Norðurlöndunum.





NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

3G áskrift 550 kr./mán. og 150 MB netnotkun fylgir. Í frelsi er ekkert mánaðargjald.

## GENGIÐ 09.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,25 | 124,85 |
| Sterlingspund | 188,53 | 189,45 |
| Evra | 157,35 | 158,23 |
| Dönsk króna | 21,102 | 21,226 |
| Norsk króna | 19,499 | 19,613 |
| Sænsk króna | 16,565 | 16,663 |
| Japanskt jen | 1,403 | 1,4112 |
| SDR | 185,82 | 186,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,7072

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**ATKVÆÐI GREITT** Japanar kusu til efri deildar japanska þingsins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Útgönguspár í Japan:

## Meirihluti efri deildar fallinn

**JAPAN** Útgönguspár bentu í gærkvöldi til þess að ríkisstjórn Japan hefði misst meirihluta sinn í efri deild þingsins. Gengið var til kosninga í gær. Ríkisstjórnin heldur þó velli þar sem hún hefur meirihluta í neðri deild þingsins.

Naoto Kan forsætisráðherra hefur aðeins verið í embætti í tæpan mánuð. Skuldir Japana eru miklar og lét Kan hafa eftir sér að efnahagskerfi landsins væri það stórt að ekkert ríki í heiminum gæti bjargað því. „Japanska hagkerfið er 20 til 30 sinnum stærra en Grikklands,“ sagði Kan. - bþh

Ferðamaður slasaðist í Vigur:

## Ökklabrotnaði í gönguferð

**LÖGREGLUMÁL Erlendur ferðamaður slasaðist í gönguferð um eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi í gærdag. Maðurinn ökklabrotnaði og var fluttur með bát á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlynningar.**

**Að sögn lögreglu á Ísafirði var helgin að öðru leyti tíðindalítil. Fjölmennt var á Sæluhelgi á Suðureyri og fór hátíðin fram með miklum sóma.** - áp

Forseti Íslands veitti íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum:

# Nýlistasafnið hlaut heiðurinn

**MENNING** Forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson veitti Nýlistasafninu íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær.

Nýlistasafnið hefur síðan í byrjun árs 2008 farið í viðamikla skráningarvinnu á safneign og gögnum tengdum sögu safnsins, sem var stofnað 1978.

Dómnefndin telur að með þessar vinnu hafi safnið sýnt fram á mikilvægi sýnileika safneignar fyrir starfsemi safna og menningarstarfs almennt.

Byggðasafn Skagfirðinga að Glaumbæ og Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi voru einnig tilnefnd til verðlaunanna.

Það eru Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og félag íslenskra safna og safnamanna sem standa saman að verðlaununum, en þau eru veitt annað hvert ár safni sem með starfsemi sinni þykir skara framúr. - áp



**VERÐLAUNAAFHENDING** Birta Guðjónsdóttir, formaður stjórnar Nýlistasafnsins, tók við verðlaununum. FRÉTTABLAÐIÐ ARNÞÓR

Slökkvilið kallað út á Selfossi:

## Logandi bíll á bensínstöð

**LÖGREGLUMÁL** Mildi þykir að enginn skyldi slasast þegar bíll varð skyndilega alelda á bensínstöð á Selfossi í fyrrinótt. Fáir voru á ferli á bensínstöðinni. Einhverra hluta vegna kviknaði í bílnum af sjálfu sér en það þykir happ að hann var staðsettur í dálítill fjarlægð frá bensíndælunum.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Selfossi þurfti að kalla til slökkvilið. Gekk slökkviliðsmönnum greiðlega að ráða niðurlögum eldsins. Bíllinn er talinn ónýtur eftir eldsvoðann. - áp

# Deilt um Magma innan ríkisstjórnar

**Umhverfisráðherra vill að kaup Magma Energy á HS-orku verði rannsökuð. Hún sakar fyrirtækið um blekkingar. Iðnaðarnefnd fundar um málið í dag. Úrslitaatriði fyrir ríkisstjórnina að rifta samningum, segir Ögmundur Jónasson.**

**ORKUMÁL** Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir að ríkisstjórnin eigi að gera það að úrslitaatriði að samningum um kaup kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy á 43 prósenta hlut í HS orku verði rift.

Haft var eftir Ásgeiri Margeirssyni, framkvæmdastjóra Magma á Íslandi, í fréttum RÚV á laugardag að iðnaðarráðuneytið hafi „leiðbeint“ fyrirtækinu að stofna félag á EES-svæðinu til að uppfylla lög um erlenda fjárfestingu. Í framhaldinu hafi verið stofnað fyrirtæki í Svíþjóð utan um eignarhlutinn, svonefnt skúffufyrirtæki. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sagði þetta vera grafalvarleg tíðindi og ástæða væri til að rifta samningum.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra vísar því á bug að ráðuneytið hafi leiðbeint Magma Energy í málinu og kallaði viðbrögð Svandísar „ódýrt upphlaup“ í fréttum í gær. Í samtali við Fréttablaðið segir Ásgeir misskilnings hafa gætt í frásögn RÚV. Magma hafi einungis leitað upplýsinga hjá iðnaðarráðuneytinu, en ekki fengið neinar leiðbeiningar.

Iðnaðarnefnd fundar um málið í dag að ósk Margrétar Tryggvadóttur, þingmanns Hreyfingarinnar. Að sögn Skúla Helgasonar, formanns nefndarinnar, verður rætt við alla hlutaðeigandi í málinu. Hann vill ekki tjá sig fyrr en að því loknu.

Ögmundur Jónasson segir að Magma Energy hafi orðið uppvíst að loddaraskap. „Það eru brögð í tafli. Þetta er skúffufyrirtæki í Svíþjóð, augljóslega bara til málamynda, og gefur fullt tilefni til inngripa af hálfu ríkisvaldsins.“

Eftirlitsnefnd um erlenda fjárfestingu hefur tvívegis fjallað um málið. Í bæði skiptin klofnaði nefndin en meirihluti komst að þeirri niðurstöðu að kaupin á HS orku væru lögmæt. Ögmundur véfengir úrskurð nefndarinnar og segir klofninginn draga úr vægi hennar.

Spurður hvort hann telji að VG eigi að gera málið að úrslitaatriði fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarf, segir Ögmundur að ríkisstjórnin öll eigi að gera málið að úrslitaatriði. „Er það ekki eitt af grunnstoðum þessarar ríkisstjórnar að auðlindir verði í almannaeigu? Ríkisstjórnin á að setja þetta mál undir og ef henni tekst það ekki er hún að falla á prófi.“

Reynt var að ná í Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra vegna málsins í gær en án árangurs.

bergsteinn@frettabladid.is



**SVARTSENGI** Iðnaðarnefnd fundar um málefni Magma í dag og að sögn formanns nefndarinnar verður rætt við alla hlutaðeigandi í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lög um erlendar fjárfestingar:

## Ögmundur vill ekki rýmka lög

**ORKUMÁL Ögmundi Jónassyni, þingmanni VG, hugnast ekki hugmyndir um að rýmka lög um erlenda fjárfesta.**

**Ísland er í öðru sæti á lista OECD yfir lönd með mestar takmarkanir á beinni fjárfestingu erlendra aðila. Að sögn Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, er nú unnið að endurskoðun laga um takmarkanir á erlendri fjárfestingu og verður frumvarp þess efnis líklega lagt fram í haust.**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

**„Það á alls ekki að rýmka þessar heimildir,“ segir Ögmundur. „Við eigum glæsileg orkufyrirtæki sem byggð hafa verið upp fyrir almannafé. Nú stöndum við frammi fyrir því að fjárfestar vilja nýta erfiða stöðu okkar til að komast yfir þessar eignir. Við eigum ekki að auðvelda þeim það.“** - bs

Skotárás á Jótlandi:

## Myrti fyrrum kærustu sína

**DANMÖRK** Maður drap fyrrum kærustu sína í bænum Køge á norðvestur Jótlandi í gær. Lögreglan fékk ábendingu um að látna konu væri að finna í húsi í bænum en símtalið kom frá tveimur manneskjum sem voru að koma úr veislu í húsinu. Lögreglan fór strax í viðbragðsstöðu og réðst inn í húsið, þar sem þeir fundu hina látnu.

Mun maðurinn hafa skotið konuna í afbrýðisemiskasti og reynt svo að stytta sér aldur í kjölfarið. Hann var særður þegar lögregla handtók hann. - áp




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**SKÚRAVEÐUR**
Litlar breytingar verða næstu daga. Veðurfarið einkennist af hægum vindi eða hafgolu og skúrum. Skjótt skipast veður í lofti og í skúraveðri skín sólin oft skært milli hressilegra rigningardemba. Hiti verður víða á bilinu 10-15°C á daginn.




**Á MORGUN**
Mjög hægur vindur um allt land.

**MIÐVIKUDAGUR**
Hæg austlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 34° |
| Berlín | 37° |
| Billund | 25° |
| Frankfurt | 35° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Gautaborg | 29° |
| Kaupmannahöfn | 29° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 32° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 22° |
| París | 21° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 27° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




# Aðeins 25 kr. dagurinn

Farðu á Netið í símanum og fylgstu með fréttum, sendu tölvupóst, uppfærðu Fésbókina eða spjallaðu við vini þína á MSN. Netið í símanum fylgir þér um landið þvert og endilangt.
Dagurinn kostar aðeins 25 kr. / 5 MB

**Kynntu þér 3G áskriftarleiðirnar á siminn.is**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SIA / NM42877

## KJÖRKASSINN



*Óttast þú að hryðjuverk verði framin á Norðurlöndum?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,3% |
| Nei | 42,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ferð þú akandi í vinnuna í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Tvær konur voru handteknar við komu til landsins og haldið í rúma þrjá daga:

# Krefjast skaðabóta frá ríkinu

**DÓMSMÁL** Tvær rúmenskar konur munu krefjast skaðabóta frá íslenska ríkinu auk þess að kæra brottvísun sína frá landinu til dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins.

Konurnar tvær komu til Íslands 14. apríl síðastliðinn en voru þá handteknar. Í kjölfarið var þeim haldið í þrjá og hálfan sólarhring áður en þeim var sleppt.

Konurnar vilja meina að um ólögmæta frelsissviptingu hafi verið að ræða en áður en þær yfirgáfu landið leituðu þær liðsinnis lögmanns.

„Íslenska ríkinu verður send krafa um greiðslu skaðabóta samhliða því að frávísunin verður kærð til dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins.



VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON

Svo sjáum við á viðbrögðum íslenskra stjórnvalda hvert framhaldið verður,“ sagði Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður kvennanna, og bætti því við að hann teldi ekkert tilefni hafa verið til aðgerðanna sem lögreglan greip til.

Lögreglan hefur heimild til að handtaka fólk og vísa beint úr landi þyki sannað að það sé hingað komið í atvinnuleit og ætli að brjóta lög sem hér gilda um útlendinga. Lögreglu er hins vegar ekki heimilt að halda grunuðum lengur en í einn sólarhring nema hann sé látinn sæta gæsluvarðhaldi.

„Ég hef verið hér áður og vann þá á Óðali en var ekkert að fara að vinna núna, bara heimsækja vini og ganga frá bankamálum,“ segir önnur kvennanna, Cristina Domnita Constantnescu.

- mþl

Hélt móður sinni fanginni:

# Vildi ekki strauja sjálfur

**BANDARÍKIN Maður í Georgíu í Bandaríkjunum hefur verið handtekinn eftir að hafa haldið móður sinni fanginni og beint byssu að henni í heilar sex klukkustundir. Ástæðan ku vera sú að móðirin vildi ekki strauja fyrir hann.**

**Maðurinn sem býr með foreldrum sínum neitaði að gera þetta „kvennaverk“ sjálfur. Hann brást hinn versti við þegar mamman neitaði. Allir sluppu ómeiddir úr hildarleiknum.**

- bþh

Njósnamál í Bandaríkjunum:

# Börn njósnara komin heim

**BANDARÍKIN** Bandaríska dómsmálaráðuneytið hefur nú sent börn tíu rússneskra njósnara frá Bandaríkjunum áleiðis til Moskvu. Þetta staðfestir dómsmálaráðherrann Eric Holder „Það var gert að óskum foreldra að senda börnin til endurfunda við fjölskyldur sínar.“

Ekki er vitað hversu mörg börnin eru, en sumir njósnaranna voru í samböndum innbyrðis. Sumar fjölskyldurnar munu hafa átt allt að sjö börn.

Bandaríska alríkislögreglan skipti við Rússland á meintum njósnurum á föstudaginn var í Vín.

- áþ

Brotlenti á Bahama:

# Berfættur unglingur á flótta

**BAHAMA Bandaríski táningurinn Colton Harris-Moore var handtekinn í gær á Bahamaeyjum eftir að hafa verið eftirlýstur af lögreglu síðan árið 2008. Fjölmiðlar þar á landi hafa nefnt hann Berfætta bandítann en hann lagði á flótta vegna innbrota og þjófnaða í Bandaríkjunum en ástæða viðurnefnisins er að hann stal bátum, bílum og flugvélum á flótta sínum undan lögreglu, vanalega berfættur.**



COLTON HARRIS-MOORE

**Harris-Moore, sem er ekki með flugmannspróf, var síðan handtekinn þegar hann brotlenti flugvélinni á Bahama og var hann samstundis framseldur til Bandaríkjanna.**

- áþ

# Enn sér ekki fyrir endann á neyðarástandinu á Haítí

**Ein og hálf milljón manns í flóttamannabúðum hálfu ári eftir jarðskjálftann. Ömurlegar aðstæður segir sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða krossins. Höfuðborgin enn rústir einar og forgangsröðun aðgerða erfið.**

**HAÍTÍ** Sex mánuðir eru í dag liðinir frá skjálftanum mikla á Haítí, sem varð um 230 þúsund manns að bana og slasaði 300 þúsund. Ein og hálf milljón búa í flóttamannabúðum sem eru mörg hundruð talsins og er höfuðborgin, Port-au-Prince, enn rústir einar. Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri Alþjóðasviðs Rauða krossins, segir fólk ekki gera sér grein fyrir að jarðskjálftinn sé einar umfangsmestu náttúruhamfarir sem orðið hafi í marga áratugi og neyðarástand í landinu muni vara í óvenju langan tíma.

„Neyðarástand varir oft í vikur eða örfáa mánuði, en nú eru þeir orðnir sex,“ segir hann. „Það mun mjög sennilega vara fram yfir áramót og aðstæður eru með ólíkindum erfiðar þar sem lítið sem ekkert hefur verið hreinsað til í rústum borganna. Aðstæður í búðunum eru ömurlegar.“

Björgunaraðgerðirnar á Haítí eru þær stærstu sem Rauði krossinn hefur tekið þátt í innan eins lands, en alls hafa 25 starfsmenn farið frá Íslandi. Nú eru þar sex manns við lækningar, hjúkrun og stjórnun verkefna á sviðum vatnsöflunar og hreinlætis.

Rauði krossinn sér um 40 prósent af allri vatnsdreifingu í Port-au-Prince. 55 tankbílar dreifa um 1,7 milljónum lítra til 285 þúsund manns í 94 flóttamannabúðum, daglega. Kristjón Þorkelsson hjá Alþjóðastofnun Rauða krossins er stjórnandi verkefnisins.

„Framtíðin verður erfið,“ segir Kristjón. „Við erum að fara inn í fellibyljatímabilið. En það þarf í raun einungis snarpar vindhviður til þess að hafa geigvænlegar afleiðingar í búðunum. Það verður bara að krossa fingur og vona að fellibyljirnir fari framhjá.“

Kristjón hefur verið á Haítí síðastliðna fimm mánuði og segir skort á starfsmönnum vera mikið vandamál. Þar til í júní voru starfsmenn hjá Alþjóðastofnuninni einungis tveir. Kristjón segir starfið farið að ganga betur þar sem starfsmönnum fari ört fjölgandi og björgunaraðgerðir gangi vel þrátt fyrir allt.

„Það mun þó taka mörg ár að koma landinu á svipaðan stað og áður,“ segir Kristjón.

sunna@frettabladid.is

## Allt í forgangi

„Oft eftir hamfarir er hægt að ákveða eitt eða tvö atriði sem eiga að hafa forgang í björgunaraðgerðum. Á Haítí var allt í forgangi,“ segir Þórir Guðmundsson. „Læknisþjónusta var í forgangi vegna þess að það voru 300 þúsund manns slasaðir. Matvæli voru í forgangi vegna þess að þetta er eitt fátækasta ríki heims og fólk var að svelta. Það var í forgangi að koma vatni til fólks af því að það eru svakalegir hitar þarna. Það var bara spurning um tíma hvenær það myndu blossa upp farsóttir þannig að kamrar og klósettaðstöður voru í forgangi.“



ÞÓRIR GUÐMUNDSSON



**KRISTJÓN ÞORKELSSON** Stjórnandi vatnsdreifingar Rauða krossins í Port-au-Prince segir framtíðina verða erfiða fyrir íbúa Haítí þrátt fyrir mikil og öflug björgunarstörf.






Félagið Útivist byggir færanlegar göngubrýr yfir Krossá á Þórsmerkursvæðinu:

# Svara brýnni þörf göngufólks

**BYGGÐAMÁL** Nýjar göngubrýr hafa verið settar upp yfir Krossá á Þórsmerkursvæðinu. Áhugamannafélagið Útivist stendur fyrir framtakinu og segir Skúli H. Skúlason framkvæmdastjóri Útivistar, að brýrnar leysi úr brýnni þörf hjá göngufólki sem þarf að komast milli Goðalands og Þórsmerkur.

„Þetta er eitt vinsælasta göngusvæði landsins og margir sem þurfa að komast á milli,“ segir Skúli. „Það sem af er sumri höfum við átt í miklum vandræðum.“

Göngubrú var undir Valahnjúki en jökulár eins og Krossá breyta gjarnan farvegi sínum og síðustu ár hefur hún mestmegnis runnið framhjá brúnni. Nýju brýrnar eru á hjólum og er því hægt að færa þær.

Ferðamálastofa styrkti smíði brúnna, en þær kostuðu 600 þúsund krónur hver. „Það er þannig með þetta verkefni eins og mörg önnur, að þegar mikið af hæfileikaríku fólki kemur er auðvelt að framkvæma svona stórvirki,“ segir Skúli.

Brýrnar eru staðsettar á Krossáraurum gegnt Básum á Goðalandi og Stóraenda í Þórsmörk og nýtast meðal annars fyrir gönguleiðina um Fimmvörðuháls yfir í Langadal og Húsadal.

- sv



**BRÚ YFIR KROSSÁ** Nýju brýrnar eru mikið þarfaþing enda er Þórsmerkursvæðið eitt vinsælasta göngusvæði landsins.




# 100% ENDURGREIÐSLA

## Á VIRÐISAUKASKATTI AF KEYPTRI VINNU

### NÚ ER BESTI TÍMINN TIL AÐ BYGGJA, BREYTA OG BÆTA

Þeir sem grípa tækifærið og ráðast í framkvæmdir núna, fá 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af keyptri vinnu á byggingarstað. Að auki fæst frádráttur frá tekjuskattsstofni sem getur numið allt að 300.000 krónum.*

**DÆMI:**

Hjón láta vinna trésmíðavinnu hjá sér árið 2010.

| | |
|---|---|
| Heildarfjárhæð m. vsk.: | 937.050 kr. |
| þar af er vinna án vsk.: | 493.121 kr. |
| Endurgreiðsla vsk. samtals: | 125.746 kr. |

Til viðbótar lækkar tekjuskattsstofn þess sem hefur hærri stofninn um 246.560 kr. við álagningu árið 2011.

### NÝTUM TÆKIFÆRIÐ OG RÁÐUMST Í FRAMKVÆMDIR!

ALLIR VINNA

ALLIRVINNA.IS

* Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 getur fólk fengið frádrátt frá tekjuskattsstofni sem nemur 50% af þeirri fjárhæð sem greidd var vegna vinnu á byggingarstað (án vsk.) á árunum 2010 og 2011. Hámark frádráttarins er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu Federation of Trade & Services · SAMTÖK ATVINNULÍFSINS · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · VR · ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS · SI · FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-1257

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver er framvkæmdastjóri ORF líftækni?*
2. *Hvað er langt síðan fyrsta íslenska kreditkortið var gefið út?*
3. *Umsókn Charlies-stúlknanna um að komast á gestalista í Los Angeles hefur verið svarað játandi. Hvert vilja stúlkurnar komast?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Fjórum mönnum gefið að sök að hafa svipt mann frelsinu og lamið hann illa:

# Ákærðir fyrir hrottalegt ofbeldi

**DÓMSMÁL** Fjórir menn hafa verið ákærðir fyrir frelsissviptingu og stórfellda líkamsárás í Reykjanesbæ í apríl síðastliðnum.

Mönnunum er gefið að sök að hafa svipt mann frelsi í fjórtán klukkustundir, beitt hann ofbeldi og hótað honum meira ofbeldi og lífláti ef hann greiddi ekki meinta skuld. Sá elsti fjórmenninganna er samkvæmt ákæru talinn hafa haft sig mest í frammi.

Í ákæru segir að mennirnir hafi ítrekað slegið fórnarlambið í andlit og skallað hann. Því næst hafi þeir læst hann inni í fataskáp og hengt logandi 400 vatta peru fyrir ofan hann. Þá hafi þeir vafið rafmagnssnúru um háls mannsins og dregið hann í snörunni. Maðurinn hafi nánast misst meðvitund vegna þessa.




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Mönnunum hefur verið stefnt fyrir rétt fyrir alvarleg hegningarlagabrot.

Hann var svo bundinn við stól og skilinn eftir klukkstundum saman.

Næsta dag fóru ofbeldismennirnir með manninn í banka þar sem honum var sagt að taka út peninga, því næst var haldið í apótek þar sem manninum var gert að leysa út lyfseðil. Að síðustu neyddu þeir manninn til að stela verkfærum sem stóðu á gangstétt. Fórnarlamb ofbeldisins var handtekið skömmu síðar fyrir verkfærastuldinn.

Krafist er refsingar yfir öllum ákærðu og einnig að þeir greiði fórnarlambinu milljón króna í miskabætur auk málskostnaðar. - bþh

Íbúi ósáttur við dýrahald:

# Leiðsöguhundur hrakinn út

**HEILBRIGÐISMÁL Svanhildur Anna Sveinsdóttir hefur fengið frest til 1. nóvember til að losa sig við leiðsöguhundinn sinn, en hún býr í fjölbýlishúsi á Akranesi. Íbúi í fjölbýlishúsinu sættir sig ekki við hundahald í húsinu.**

**Svanhildur er heyrnar- og sjónskert og þjáist af jafnvægisleysi vegna heilaæxlis og hundurinn hefur bætt lífsskilyrði hennar til muna. Hún hafði fengið vilyrði fyrir hundinum fyrir þremur árum. Frá þessu var greint í kvöldfréttum RÚV.** - áp

# Leggur áherslu á að Ísland gefi fiskimiðin ekki eftir

**Utanríkisráðherra ræddi um aðild Íslands að Evrópusambandinu í Króatíu og Ungverjalandi. Hann segir aðrar þjóðir ekki munu geta gert kröfu um aflakvóta í staðbundnum fiskistofnum og vill að Ísland og Króatía verði samferða í aðildarviðræðum þegar Ungverjar taka við forystu sambandsins á næsta ári.**

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur undanfarna daga heimsótt Króatíu og Ungverjaland til þess að ræða stöðu Íslands varðandi komandi samningaviðræður Íslands við Evrópusambandið. Ráðherra segist hafa átt sérstaklega góðan fund með utanríkisráðherra Ungverjalands, Janos Martonyi. Ungverjar taka við forystu í ESB á næsta ári, en þá mun Ísland að öllum líkindum hefja formlegar samningaviðræður.

„Ég fór rækilega yfir með honum þá þætti sem skipta okkur mestu, ekki síst sjávarútvegs- og landbúnaðarmál," segir Össur. „Ég lagði áherslu á þann skilning Íslendinga að reglur Evrópusambandsins tryggi í reynd að aðrar þjóðir geti ekki gert kröfu um aflakvóta í staðbundnum fiskistofnum í íslenskri fiskveiðilögsögu. Það skiptir miklu máli að Ungverjar, sem munu fara með forystuna þegar viðræðurnar hefjast, hafi góðan skilning á þessu úrslitamáli."

Össur segir jafnframt að heimsóknin til Króatíu hafi ekki síst verið til þess að kanna hvort Króatar, sem einnig eru að hefja aðildarviðræður, og Íslendingar gætu orðið samferða í umsóknarferlinu.

„Samvinna og samheldni smáþjóða gerir það að verkum að þær standa jafnan saman og verja hagsmuni hver annarrar," segir Össur. „Innan ESB eru þær því gríðarlega sterkar, og ná yfirleitt fram því sem þær þurfa nauðsynlega á að halda."

Í báðum löndunum voru rædd málefni varðandi samstarf á sviði jarðhita, en íslensk verkfræðifyrirtæki eru á hverju ári að afla gjaldeyris fyrir á annan milljarð í tengslum við endurnýjanlega orku í ríkjum ESB. Össur segir mikla möguleika á að nýta ríka þekkingu Íslendinga á sviði hitaveitna í báðum þessum ríkjum og lagði áherslu á það í viðræðunum.

Í framhaldinu var ákveðið að efna til jarðhitaráðstefnu síðar á árinu í Ungverjalandi, með þátttöku Evrópusambandsins, en ráðherra lagði hornstein að nýrri jarðhitavirkjun þar í landi, hannaðri af verkfræðistofunni Mannviti, í borginni Szentlorinc. Verður hún komin í gagnið undir lok árs.

sunna@frettabladid.is



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA** Pál Kovács, vararáðuneytisstjóri þróunarmálaráðuneytis Ungverjalands, Márk Gyõrvári, borgarstjóri Szentlörinc, Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, og Gyimothy Denes, forstjóri Pannergy, með starfsmönnum Mannvits á borstað í Szentlörinc.



**MIÐBORG** Með því að loka fyrir bílaumferð vilja borgaryfirvöld glæða miðbæinn lífi.

Lokað fyrir umferð í miðborg:

# Fyrir gangandi og hjólandi fólk

**REYKJAVÍK** Austurstræti, Pósthússtræti og hluta Hafnarstrætis hefur verið lokað fyrir bílaumferð og verður svo þar til í lok ágústmánaðar. Með þessu vilja borgaryfirvöld styðja við vistvænan ferðamáta og glæða miðborgina frekara lífi.

Pósthússtræti hefur verið lokað á góðviðrisdögum síðustu sumur, sem er liður í Grænu skrefunum í Reykjavík til að bæta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Hefur þessi breyting mælst vel fyrir meðal vegfarenda og veitingahúsaeigenda við Austurvöll og nágrenni. Ökumönnum sem eiga erindi í miðbæinn er bent á nærliggjandi bílastæðahús. - sv

Orkuveita Reykjavíkur

Elliðaár, örnefni og veiði

Þriðjudagskvöldið 13. júlí mun Ólafur E. Jóhannsson, veiðimaður, leiða fræðslugöngu Orkuveitunnar í Elliðaárdal, en Elliðaárnar sjálfar verða umfjöllunarefnið að þessu sinni. Fjallað verður um laxveiðar í Elliðaánum fyrr og nú og sagðar sögur sem tengjast laxveiðum í ánni. Þá verður sagt frá nokkrum helstu veiðistöðum í ánni, veiðiaðferðum og fleiru sem við kemur stangveiði. Lagt verður af stað frá Minjasafni Orkuveitunnar í Elliðaárdal kl. 19:30.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 50281 05/10

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

Arion eini bankinn með jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnunarstöðum:

# Meirihluti stjórnenda þriggja stærstu bankanna er karlar

**JAFNRÉTTISMÁL** Meirihluti stjórnenda stóru bankanna þriggja eru karlar, eða um 62 prósent. Hlutfall karla og kvenna í helstu stjórnunarstöðum Arion er jafnt en í Landsbankanum og Íslandsbanka eru 68 prósent helstu stjórnenda karlar.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Bankasýslu ríkisins um íslenska bankakerfið sem út kom í síðustu viku.

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Bankasýslan fer með eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum og er með starfsemi sinni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar.

Við gerð skýrslunnar var óskað eftir upplýsingum frá bönkunum varðandi jafnréttisstefnu þeirra sem og um kynjahlutföll helstu stjórnenda. Voru þá helstu stjórnendur taldir stjórnarmenn, yfirstjórnarmenn og bankastjórar.

Þrátt fyrir jafnt kynjahlutfall í stjórnunarstöðum hefur sérstakri jafnréttisnefnd innan Arion banka verið falin gerð jafnréttisáætlunar, eins og þá sem Landsbanki og Íslandsbanki hafa framfylgt um skeið. - mþl / sv



# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM



## FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.

## NÚ Á 20% AFSLÆTTI!



**ERGOMOTION 400**
með þrýstijöfnunar-
dýnum (2x80x203)
Verð 676.432 kr.
**NÚ 541.146 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysis-stöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.



**ERGOMOTION 100**
með þrýstijöfnunar-
dýnum (2x80x203)
Verð 503.698 kr.
**NÚ 402.958 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.



**ERGOMOTION ERGOSPORT**
með þrýstijöfnunar-
dýnum (2x97x203)
Verð 396.000 kr.
**NÚ 316.800 kr.**
**= 20% AFSLÁTTUR**

### ERGOMOTION ERGOSPORT

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

COMFORT solutions®
By King Koil®



## HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

ARGH! 020610

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

*Hundadagar byrja á morgun*




# Fagnaðu hundadögum með BKI kaffi

*Hundadagar hefjast á morgun!*

Angan af kaffi kemur bragðaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Hundadagar eiga nafn sitt að rekja til Rómverja sem kölluðu heitasta tímabil sumarsins frá miðjum júlí fram yfir miðjan ágúst hundadaga** eftir stjörnunni Síríus í stjörnumerkinu Stórahund. Hundadaga þekkja Íslendingar þó kannski einn helst þar sem þá ríkti eini íslenski konungurinn, Jörgen Jörgensen eða Jörundur hundadagakonungur. Jörundur þessi var þó danskur og ríkti hann frá 25. júní til 22. ágúst árið 1809 eftir að hafa lýst yfir sjálfstæði á Íslandi frá dönsku krúnunni.

Bylting Jörundar tókst ekki sem skyldi og var hann sendur í útlegð til Tasmaníu, þó fyrir aðrar sakir væri, en þar var hann jafnan kallaður fyrrverandi konungur Íslands.

*Nýttu tækifærið og minnstu Jörundar með góðu BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir hundadagana***




Katalóníubúar mótmæla úrskurði stjórnarskrárréttar um sjálfstæði héraðsins:

# Katalónía má ekki lýsa yfir sjálfstæði

**SPÁNN** Milljónir Katalóníubúa mótmæltu úrskurði stjórnarskrárréttar í Barcelona á laugardag og flögguðu rauðum og gulum fánum, með áletruninni „Við erum ríki.“

Katalóníubúar hafa lengi litið á Katalóníu sem sjálfstætt ríki þó það sé ekki viðurkennt sem slíkt á alþjóðavettvangi. Katalónía er eitt 17 sjálfstjórnarhéraða á Spáni og hefur gengið hvað lengst í að sækja aukið vald frá ríkisstjórn landsins. Árið 2005 samþykktu íbúar Katalóníu ný lög í þjóðaratkvæðagreiðslu um frekari skiptingu valdsins milli spænska ríkisins og héraðsins. Vilja Katalóníubúar hafa meiri völd yfir skatttekjum og dómsmálum.

Á föstudag kvað stjórnarskrárréttur á Spáni upp þann dóm að Katalónía hefði engan lagalegan rétt til þess að skilgreina sig sem sjálfstætt ríki. Í dómnum var katalónskan enn fremur ekki sögð æðri spænsku. „Þessi mótmæli eru upphafið að sjálfstæðinu sem við viljum fyrir landið okkar,“ lét katalónskur námsmaður hafa eftir sér. **- bþh**




**SJÁLFSTÆÐI** Katalóníubúar vilja sjálfstæði frá Spáni. Á laugardag voru fjölmenn mótmæli í Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LETILÍF Í PARÍS** Fólkið sem flatmagaði á bökkum Signu í gær virtist ekki hafa miklar áhyggjur af efnahagsmálum en framkvæmdastjórn ESB býst við 0,9 prósent hagvexti á evrusvæðinu í ár eftir samdrátt á fyrra ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Mesti samdrátturinn í Evrópu er hér

**Hagkerfið á meginlandi Evrópu hefur tekið að vaxa á ný eftir kreppuna. Jákvæðar tölur sjást nú í fyrsta sinn í eitt og hálft ár. Hagfræðingur býst við bata á meginlandinu út árið. Ekki er útilokað að neikvæðar tölur sjáist lengur hér.**

**EFNAHAGSMÁL** Landsframleiðsla jókst um 0,2 prósent að meðaltali hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB) á fyrsta fjórðungi ársins og mælist hagvöxtur þar nú 0,5 prósent á ársgrundvelli. Hagvöxtur jókst jafn mikið innan evrusvæðisins á sama tíma. Hagvöxtur var 0,1 prósentustigi meiri á ársgrundvelli. Framkvæmdastjórn ESB býst við 0,9 prósenta hagvexti á evrusvæðinu í ár eftir 2,1 prósent samdrátt í fyrra.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í endurskoðuðum gögnum Eurostat, hagstofu ESB, sem birt voru á miðvikudag. Greiningaraðilar í Evrópu segja niðurstöðurnar í samræmi við væntingar.

Til samanburðar jókst landsframleiðsla hér um 0,6 prósent á milli ársfjórðunga. Þeir hagfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við benda á að meiri sveiflur séu í íslensku hagkerfi en evrópsku og því séu ársfjórðungstölurnar ekki samanburðarhæfar. Það ætti þó að segja eitthvað um stöðu landsins í alþjóðlegu samhengi að hagkerfið hefur dregist saman um 6,5 prósent á ársgrundvelli. Aðrar eins tölur sjást ekki á meginlandi Evrópu um þessar mundir, ekki einu sinni hjá verst settu löndunum nú um stundir, svo sem í Grikklandi, Spáni og Portúgal.

Samkvæmt gögnum hagstofunnar var hagvöxtur mestur á Írlandi miðað við ársfjórðunginn á undan, eða um 2,7 prósent. Hagvöxtur þar í landi er enn neikvæður um 0,6 prósent. Þá var 1,1 prósenta hagvöxtur á milli fjórðunga í Portúgal. Athygli vekur að Portúgal, sem flokkast til þeirra landa sem glíma við einhverja mestu fjárhagserfiðleikana innan ESB nú um stundir, flaggar 1,8 prósenta hagvexti á ársgrundvelli.

Mesta niðursveiflan á milli fjórðunga var í Litháen og Eistlandi en bæði löndin glíma við mikla fjárhagserfiðleika. Hagkerfi Litháens dróst saman um 3,9 prósent en hagkerfi Eistlands um tvö prósent. Líkt og sjá má á grafinu hér til hliðar eru Eystrasaltsríkin að snúa við úr afar djúpri lægð.

Howard Archer, aðalhagfræðingur hjá evrópska greiningarfyrirtækinu IHS Insight, segir í samtali við fréttastofu Reuters nýjustu hagtölur í Evrópu geta villt mönnum sýn. Líkt og hér skýrir bætt birgðastaða viðsnúninginn að nokkru leyti. Líf hafi ekki færst í fjárfestingar, einkaneysla ekki tekið við sér líkt og vonast hafi verið til og útflutningur sé undir væntingum. Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi á evrusvæðinu og snarpan niðurskurð í opinbera geiranum á efnahagssvæðinu býst Archer þó við bata síðar á árinu. **jonab@frettabladid.is**

## Hagvaxtarþróun í nokkrum löndum

Breyting á hagvexti í nokkrum löndum miðað við tólf mánaða tímabil frá fyrsta fjórðungi 2008 til fyrsta fjórðungs 2010




## Kreppan heldur áfram hér

Hagvöxtur jókst um 0,6 prósent milli fjórðunga hér á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagvöxtur var hins vegar neikvæður hér um 6,5 prósent og er mesti samdrátturinn hér af þeim löndum sem hagstofa ESB ber okkur saman við. Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, sagði í samtali við fréttamiðilinn Vísi, þegar Hagstofa Íslands birti hagvaxtartölur sínar í júní, óvarlegt að álykta að kreppunni hér sé lokið. Vöxtinn sagði hann skýrast af aukinni birgðastöðu í landinu, þá einkum af framleiddum en óseldum birgðum sjávarafurða. Vísbendingar séu um að hagvöxturinn verði aftur neikvæður á öðrum ársfjórðungi þessa árs, að hans mati.

Kona á fertugsaldri í fangelsi:

## Kýldi lögreglu

**DÓMSMÁL** Kona á fertugsaldri hefur verið dæmd í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að kýla lögreglukonu. Atvikið átti sér stað á lögreglustöðinni á Selfossi 2008.

Héraðsdómur hafði vísað málinu frá á þeim forsendum að málið hefði verið rannsakað í umdæminu sem lögreglukonan starfaði í. Hæstiréttur felldi frávísunarúrskurðinn úr gildi og sendi málið aftur til héraðsdóms, sem hefur nú dæmt í því.

Árásarkonan var mjög ölvuð og æst þegar hún var flutt á lögreglustöðina. **- jss**

Starfsmenn veitingastaðarins Nítjándu í turninum í Kópavogi leggja sitt af mörkum til samfélagsins:

# Bjóða nauðstöddum súpu á mánudögum

**SAMFÉLAGSMÁL** Stafsmenn veitingastaðarins Nítjándu í turninum í Kópavogi hafa ákveðið að bjóða þeim sem þurfa upp á súpu, brauð og drykkjarföng alla mánudaga í júlí. Þannig hyggst fyrirtækið leggja sitt af mörkum til samfélagsins eftir að Fjölskylduhjálp Íslands var lokað vegna sumarleyfa út júlímánuð.

Þörfin fyrir Fjölskylduhjálpina hefur orðið augljós síðastliðin ár og hefur hún létt mikið undir við framfærslu margra fjölskyldna. Sumarlokunin er því mörgum nauðstöddum erfiður biti að kyngja.

„Manni verður að sjálfsögðu hugsað til þeirra fjölmörgu sem reiða sig á aðstoð þessa góða fólks sem þar starfar.“ segir Þórey Ólafsdóttir, markaðsstjóri Veisluturnsins. „Hér innanhúss kviknaði sú hugmynd að við gætum lagt okkar af mörkum til þess að létta undir með þeim einstaklingum og fjölskyldum sem á þurfa að halda. Við leituðum því til Vífilfells sem og annarra birgja og ekki stóð á þátttöku þeirra.“

Súpukvöldin hefjast í kvöld og verða haldin aftur mánudagana 19. og 26. júlí. Húsið er opið milli klukkan 17 og 19 og verður tekið á móti gestum á meðan húsrúm leyfir. **- bþh**



**Í ELDHÚSINU** Þeir Stefán Ingi Svansson og Sigurður Gíslason matreiðslumenn ætla að elda súpu ofan í svanga.



**VIÐEYJARSTOFA** Viðey er vel sótt af Reykvíkingum og nærsveitungum.

Stóraukin aðsókn í Viðey:

## Þriðjungi fleiri fara út í Viðey

**FERÐAMÁL Aðsókn í Viðey hefur stóraukist milli ára. Í maí var 22 prósenta aðsóknaraukning og í júní 34 prósenta aukning. Ekki einungis hefur farþegum áætlunarferða fjölgað heldur hafa kajakræðarar og smábátaeigendur sótt eyjuna í auknum mæli.**

**Unnið hefur verið að betra aðgengi gesta í Viðey í sumar með því að bæta göngustíga, halda fjölbreytta viðburði og lengja opnunartíma kaffihússins, sem nú er opið lengur á þriðjudagskvöldum. - bþh**

Styrkir skertir í Danmörku:

## Stúdentar klári námið hraðar

**DANMÖRK** Unnið er að breytingum á námsstyrkjakerfinu í Danmörku og stefnt er á að fækka styrkárum úr sex árum í fimm.

Ríkisstjórnin vonast til þess að þetta hvetji námsmenn til að ljúka námi hraðar og fara út á vinnumarkaðinn. Nefndin sem vann að breytingunum telur að háar fjárhæðir geti sparast með því. Þannig væri minni peningum eytt í námsstyrkina og meira skattfé kæmi í ríkissjóð. Þeir sem eru lengur að klára námið munu þó áfram geta fengið námslán.

Stúdentar hafa ekki tekið vel í tillögurnar og formaður dönsku stúdentasamtakanna sagði mögulegt að breytingarnar hefðu öfug áhrif, þar sem fólk þyrfti nú að vinna hlutastörf með námi til að ná endum saman. **- þeb**

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Hætta á skelfiskseitrun

Vöktun Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar hefur leitt í ljós að magn eitraðra svifþörunga á Breiðafirði og í Hvalfirði er yfir viðmiðunarmörkum. Er því varað við því að kræklingur og skelfiskur frá þessum svæðum getur verið eitraður og óhæfur til neyslu.

**GRUNDARFJÖRÐUR**

### Nýr bæjarstjóri ráðinn

Bæjarstjórn Grundarfjarðar ákvað á föstudag að ráða Björn Steinar Pálmason í starf bæjarstjóra. Björn starfaði á árunum 2003 til 2007 sem skrifstofustjóri Grundarfjarðarbæjar. Undanfarið hefur Björn unnið sem sérfræðingur í innri endurskoðun hjá Byr sparisjóði.






**GÆÐIR SÉR Á FISKI** Sæljón í dýragarðinum í Stuttgart í Þýskalandi grípur fisk sem gestur kastaði til hans. NORDICPHOTOS/AFP

Börn sem dvelja lengi við tölvu eða sjónvarp eru líklegri til að eiga við athyglisvandamál að stríða:

# Sjónvarpsgláp getur valdið athyglisbresti

**VÍSINDI** Tölvuleikjaspil og sjónvarpsgláp getur haft áhrif á athyglisgáfu barna og hugsanlega einnig valdið athyglisbresti. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar rannsóknar þriggja sálfræðinga við ríkisháskólann í Iowa í Bandaríkjunum. Rannsóknin náði til fólks á grunn- og framhaldsskólaaldri.

Samkvæmt rannsókninni eru börn sem verja að meðaltali meira en tveimur tímum á dag fyrir framan tölvu- eða sjónvarpsskjá helmingi til tvöfalt líklegri til að eiga við athyglisvandamál að stríða seinna á lífsleiðinni.

Rannsóknir hafa áður sýnt fram á að sjónvarpsgláp hafi áhrif á athygli en nýja rannsóknin bendir til þess að það sama gildi um tölvuleikjaspilun.

Haft var eftir einum rannsakendanna, Edward Swing, í viðtali við ScienceDaily að það væri ekki enn ljóst af hverju skjámiðlar kunna að valda athyglisvandamálum. Margir vísindamenn telji þó að þær hröðu breytingar sem oft eru á efninu sem slíkir miðlar sýna geti haft áhrif.



**HORFT Á SJÓNVARPIÐ** Komið hefur í ljós að áhrif tölvuleikja eru þau sömu og sjónvarps á heilastarfsemi barna og unglinga.

Rannsakendurnir telja að niðurstöðurnar bendi til þess að sjónvarpsgláp og tölvuleikjaspilun sé einn þeirra þátta sem áhrif hafa á athyglisbrest. Athyglisbrestur er skilgreindur sem hegðunarröskun sem verður til í heila. Talið er líklegt að heilinn bregðist við utanaðkomandi áreiti eins og því sem kemur frá sjónvarpi og auki með viðbrögðum sínum hættuna á athyglisbresti.

- mþl

Campbell ber vitni í Haag:

## Sögð hafa fengið demant frá stríðsherra

**HOLLAND** Ofurfyrirsætan Naomi Campbell mun bera vitni í máli stríðsglæpadómstólsins í Haag gegn Charles Taylor, fyrrum forseta Líberíu. Taylor er gefið að sök að hafa fyrirskipað morð á tugum þúsunda manna.



NAOMI CAMPBELL

Campbell er talinn hafa þegið demant að gjöf frá Taylor þegar þau hittust í móttöku sem Nelson Mandela hélt í Suður-Afríku árið 1997. Talið er að Taylor hafi notað svokallaða blóðdemanta til að fjármagna borgarastyrjöld í Sierra Leone sem kostaði tugþúsundir lífið.

Taylor hefur lýst sig saklausan af öllum ákæruliðum en þeir eru ellefu talsins. Campbell kemur fyrir réttinn 29. júlí næstkomandi.

- bþh

**NETIÐ**

### Mega nota platnöfn

Framleiðandi nettölvuleiksins World of Warcraft er hættur við að krefjast þess að þátttakendur noti sín raunverulegu nöfn þegar þeir tjá sig á umræðuborðum leiksins.

# Fjöldamorðanna í Srebenica minnst

**Syrgjendur fylgdu 775 fórnarlömbum fjöldamorðanna í Srebenica til grafar í gær. Fimmtán ár eru liðin frá þessum mestu fjöldamorðum síðan í seinna stríði.**

**BOSNÍA** Mörg þúsund manns komu saman í bænum Srebenica í Bosníu í gær þegar þess var minnst að fimmtán ár eru liðin síðan hersveitir Bosníu-Serba myrtu átta þúsund múslima.

Syrgjandi fjölskyldur og hásettir leiðtogar fylgdu 775 fórnarlömbum fjöldamorðanna til grafar í gær. Líkin fundust í fjöldagröfum og var nýlokið við að bera kennsl á þau.

Meðal gesta var forseti Serbíu, Boris Tadic, en viðvera hans er talin vera táknræn afsökunarbeiðni af hálfu þjóðarinnar. Forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, lýsti því yfir í gær að fjöldamorðin væru svartur blettur í veraldarsögunni og hvatti til þess að aukinn kraftur yrði settur í leitina að Ratko Mladic, serbneskum hershöfðingja, sem talinn er bera ábyrgð á fjöldamorðunum. Hann hefur verið í felum frá því voðaverkin voru framin en er talinn dvelja í Serbíu.

Öryggismálaráðherra Bosníu, Sadik Ahmetovic, hélt einnig ræðu þar sem hann hvatti alþjóðasamfélagið til að leggjast á eitt við að finna Mladic.



**SCREBRENICA** Syrgjandi fjölskyldur fylgja fórnarlömbum til grafar. Alls voru 755 lík borin til grafar í gær. Búið er að bera kennsl á 6.500 fórnarlömb. NORDICPHOTOS/AFP

Um 8.000 múslímskir karlmenn voru drepnir af serbneskum hersveitunum 11. júlí árið 1995 í einum af mannskæðustu fjöldamorðum sem hafa átt sér stað síðan í seinni heimsstyrjöld.

Enn er unnið við fjöldagrafirnar í kringum Srebenica og þegar hafa verið verið borin kennsl á 6.500 fórnarlömb af rúmlega átta þúsund. Yngsta fórnarlambið var fjórtán ára piltur en það elsta 81 árs karl.

alfrun@frettabladid.is



**Á MIKLU DÝPI** Lekinn er á svo miklu dýpi að vélmenni eru notuð til að athafna sig á hafsbotninum. NORDICPHOTOS/AFP

Olíulekinn á Mexíkóflóa:

## BP kemur nýrri hettu fyrir

**BANDARÍKIN Ný olíuhetta verður sett yfir olíulekann á Mexíkóflóa á næstu dögum. Gamla hettan var farin að leka og var því fjarlægð af neðansjávartækjum í gær. Fyrsta skrefið er þar með stigið í því að koma fyrir varanlegri lausn á vandanum.**

**Breska olíufyrirtækið BP, sem átti borpallinn sem sprakk á flóanum í apríl, hefur sagt að það sé engin trygging fyrir því að áformin gangi upp á svo miklu dýpi. Fyrirtækið stendur þó í öðrum aðgerðum til að takmarka olíulekann. Ein af þeim er að bora fleiri holur í sjávarbotninn til að minnka þrýstinginn á lekanum. Það gæti á endanum reynst varanleg lausn vandans.**

- bþh





*Láttu allt að 6 mánaða léttgreiðslu létta þér lífið



**Jamis Earth Cruiser 2**
Frábært borgarhjól, 6 litir
Dömuhjól: bleikt, ljós blátt, grænt og hvítt
Herrra: Svart og blátt, verð áður 49.990.-
Tilboðsverð: 37.493 kr.



**Jamis Boss Cruiser**
Lazyboy á hjólum, 7-gíra, 4 litir
Dömuhjól: ljós blátt, fjólublátt og hvítt
Herrahjól: svart, verð áður 59.990.-
Tilboðsverð: 50.993 kr.



**Jamis Commuter 1**
Klassískt götuhjól, Álstell,3-gírar
Dömu og herra 2 litir : grátt og blátt,
verð áður 71.990.-
Tilboðsverð: 53.993 kr.

Skoðaðu allt úrvalið á www.utilif.is

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50546 06/10

Nauðlending hjá Air France:

## Sprengjuhótun reyndist gabb

**FRAKKLAND** Júmbóþota franska flugfélagsins Air France þurfti að nauðlenda á leið sinni frá Ríó de Janeiro til Parísar eftir að áhöfninni barst sprengjuhótun. Atvikið átti sér stað á sunnudaginn og vélin, með 450 farþega um borð, þurfti að lenda á austurströnd Brasilíu. Vélin var rýmd og yfirfarin á staðnum.

Um falska hótun var að ræða en fyrir rúmlega ári fórst vél Air France á þessari sömu flugleið og 228 farþegar fórust.

- áp

Formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur vill opna vettvang fyrir alla félagsmenn:

# Félagsmenn taki þátt í kröfugerðarþingi

**KJARAMÁL** Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR, vill að almennir félagsmenn taki þátt í vinnu vegna kröfugerðar VR fyrir kjarasamningana í haust. Í viðtali við VR blaðið segir Kristinn að könnun verði gerð meðal félagsmanna um þær áherslur sem þeir vilja sjá og í framhaldinu verði haldið sérstakt kröfugerðarþing.

Í vor stóð stjórn VR fyrir svokölluðu stefnuþingi þar sem félagsmenn voru valdir til þátttöku með slembiúrtaki. Var markmið þingsins að móta framtíðarsýn VR og áherslur í starfi. Þótti stefnuþingið takast svo vel að stjórn VR vildi beita sambærilegri aðferð til að undirbúa kröfugerðarvinnuna.

„Okkur finnst mjög mikilvægt að opna starfið meira en verið hefur. Trúnaðarráð, stjórnin og starfsfólk hafa unnið að kröfugerðinni í gegnum tíðina en það er bráðnauðsynlegt að opna vettvang fyrir almenna félagsmenn til að taka þátt,“ segir Kristinn og bætir við að auk kröfugerðarþingsins verði opnuð vefsíða í kringum það þannig að fólk geti komið sínum ábendingum og hugmyndum á framfæri.

Kristinn segist hafa miklar væntingar til þess að fólk taki sem mestan þátt hvort sem það er á stefnuþinginu sjálfu eða í gegnum netið.

- mþl



**KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON** Formaður VR vill að almennir félagsmenn taki þátt í vinnu vegna kröfugerðar félagsins fyrir komandi kjarasamninga.

Rannsókn á árás Ísraela:

## Ingibjörg orðuð við formennsku

**STJÓRNMÁL Forseti Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur rætt við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, um að hún taki að sér formennsku í nefnd sem til stendur að stofna og mun rannsaka árás Ísraelsmanna á skipalest á leið til Gasa með hjálpargögn. Frá þessu var greint á Vísi.is.**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

**Ingibjörg Sólrún segir ekkert ákveðið varðandi málið en hún geri ráð fyrir að málin muni skýrast á næstu dögum. „Ég var á ráðstefnu í Madríd um málefni Palestínu og var spurð að því hvort það mætti nefna nafnið mitt og síðan var haft samband við mig frá skrifstofu Mannréttindaráðsins,“ segir Ingibjörg um það hvernig standi á því að málið hafi verið nefnt við hana.**

**„Þetta mál kom bara upp fyrir hálfgerða tilviljun og ég var svo sem alveg tilbúin til þess að vera inni í þessu ef til kæmi,“ sagði Ingibjörg í samtali við Vísi.**

- jhh

Lést af völdum voðaskots:

## Níu ára skaut litla bróður

**BANDARÍKIN** Níu ára drengur skaut tveggja ára bróður sinn um helgina með þeim afleiðingum að hann lést af sárum sínum á sjúkrahúsi. Lögreglan í Los Angeles telur að um voðaskot hafi verið að ræða en eldri bróðirinn mun hafa fundið byssuna hlaðna ofan á fataskáp á heimili þeirra.

Pilturinn fór að leika sér með byssuna, skot reið af og hitti tveggja ára barnið í brjóstkassann. Lögreglan telur að atvikið sé slys og hefur fjölskylduna ekki grunaða um neitt saknæmt.

- áp

**SKAFTÁRHREPPUR**

### Eygló ráðin sveitarstjóri

Eygló Kristjánsdóttir á Reykhólum hefur verið ráðin sveitarstjóri Skaftárhrepps og tekur við starfinu um miðjan næsta mánuð. Hún hefur gegnt starfi skrifstofustjóra Reykhólahrepps í átta ár. Íbúafjöldi í hreppnum var 1. desember síðastliðinn 450 manns.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Kviknaði í húsbíl

Eldur kom upp í húsbíl í Fellahverfinu í Breiðholti um tvöleytið í fyrrinótt og er bíllinn töluvert skemmdur. Að sögn lögreglunnar var það að laga til í bílnum þegar slanga losnaði frá gaskút og eldur kviknaði. Fólkið var flutt á slysadeild og reyndist með lítilsháttar brunasár.




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þegar lagabókstafurinn bitnar á tilganginum.

# Lagahyggja íslenskrar stjórnsýslu

Kaup Magma Energy og á HS Orku þarf að taka til nýrrar meðferðar.

Margt bendir til að málsmeðferðin sé íslenskri stjórnsýslu til háðungar.

Í lögum eru reistar skorður við fjárfestingum útlendinga í orkugeiranum. Reglurnar eru þessar: Vilji fólk og fyrirtæki utan EES-svæðisins eignast fyrirtæki í orkuvinnslu og orkudreifingu á Íslandi þarf að liggja fyrir fjárfestingarsamningur milli Íslands og heimaríkis viðkomandi aðila. Alþingi þarf að hafa staðfest slíkan samning.

SKOÐUN



Pétur Gunnarsson
peturg@frettabladid.is

Nú hefur Magma Energy frá Kanada eignast HS Orku. Samt er kýrskírt að viðskiptin fóru ekki eftir þeim aðferðum sem lög gerðu ráð fyrir, það er að segja á grundvelli milliríkjasamnings Íslands og Kanada sem Alþingi hafði staðfest. Kanadamennirnir fundu auðveldari og þægilegri leið. Þeir stofnuðu skúffufyrirtæki í Svíþjóð, sem er ekki neitt nema nafnið tómt og létu svo viðskiptin fara fram í nafni skúffufyrirtækisins.

Bloggararnir Teitur Atlason og Lára Hanna Einarsdóttir hafa afhjúpað þann sýndarveruleika sem þarna býr að baki. Skráð móðurfélag HS Orku á Íslandi er ekki einu sinni með eigin póstkassa og er hvergi til nema ofan í skúffu á lögmannsstofu í Gautaborg.

Meirihluti nefndar um erlenda fjárfestingu hefur samt sem áður blessað yfir þessi viðskipti. Nefndarmennirnir telja að með því að stofna fyrirtækið í skúffunni í skrifborðinu á lögmannsstofunni í Gautaborg hafi Kanadamennirnir fengið sama rétt og sænskir einstaklingar og sænsk fyrirtæki hafa samkvæmt EES-samningnum og íslenskum lögum.

Afstaða meirihluta nefndarmannanna virðist fela í sér algjöra uppgjöf fyrir verkefni nefndarinnar.

Í reynd séu takmarkanir laganna, sem nefndin á að framfylgja, eins og hvert annað grín sem hægt er að komast fram hjá án fyrirstöðu með orðhengilshætti og málamyndagerningum. Takmarkanir við erlendum fjárfestingum í orkugeiranum eru augljóslega nafnið tómt ef skilningur meirihlutans fær staðist. Þá getur hvaða aðili hvaðanæva sem er fundið sér skúffu innan Evrópska efnahagssvæðisins og fjárfest að vild í íslenska orkugeiranum. Ef staðan er í raun og veru sú er réttast að iðnaðarráðherra leggi strax fram frumvarp um að afnema takmarkanir þessara laga. Við þessar aðstæður eru þessi lagaákvæði ekkert annað en skrípaleikur.

Annað sjónarmið í málinu er það sem lýst er í siðferðishluta skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þar er staðhæft að lagahyggja gagnsýri íslenska stjórnsýslu. Sterk tilhneiging sé til að fylgja bókstaf en ekki anda laganna og þeim hagsmunum sem lögum er ætlað að vernda. Þessarar lagahyggju sér stað í niðurstöðu meirihluta nefndar um erlenda fjárfestingu. Mál Magma gefur tilefni til að rifja upp eftirfarandi skilaboð Rannsóknarnefndar Alþingis til íslensku stjórnsýslunnar: „Þegar litið er á lagabókstafinn fremur en á tilganginn með lögunum er hætt við að eftirlitshlutverkið verði túlkað of þröngt og að fyrirtækin njóti vafans á kostnað almennings.“

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ölið og RÚV

Auglýsing Ölgerðarinnar fyrir bjórinn Polar Beer var sýnd nokkrum sinnum í þættinum Betri stofan á dögunum. Það kvað vera brot á áfengislögum. Þetta harma útvarpsstjóri og markaðsstjóri RÚV. Fréttastofa RÚV greindi frá því í gær að markaðsstjórinn hefði sent Ölgerðinni bréf um að auðkenna auglýsingar sínar með orðinu léttöl, annars geti RÚV ekki birt þær.

### Hollráð

Samkvæmt vef Ölgerðarinnar er Polar Beer ekki fáanlegur undir 4,3 prósenta styrkleika og er því ekki fáanlegur sem léttöl. Athygli vekur að í stað þess að biðja Ölgerðina einfaldlega um að auglýsa ekki bjór í Sjónvarpinu, beinir markaðsstjóri RÚV þeim tilmælum til brugghússins að rangmerkja vöruna til að komast framhjá áfengislögum.



### Getur á sig blómum bætt

Davíð Oddssyni virðist fyrirtækið Blómaval hugleikið. Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um helgina segir að landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafi litið út eins og „morgunverðarfundur Viðskiptaráðs og vorútsala Blómavals hefðu verið sameinuð í eitt.“ Í rannsóknarskýrslu Alþingis um hrunið segir líka frá því að Davíð hafi sett það skilyrði fyrir sameiningu Glitnis og Landsbankans að hann kæmist í stjórn Blómavals. Spurning hvort ritstjórinn sé á réttri hillu í lífinu og ætti ef til vill að snúa sér að blómarækt. Því „hvað er auður afl og hús ef engin jurt vex í þinni krús?“



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gegn umsókn eða aðild?

Evrópumál



Svavar Gestsson
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra

Hafin er mikil hreyfing gegn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Mjög áberandi í þeirri hreyfingu er Sjálfstæðisflokkurinn. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um að taka umsóknina til baka er tjaldað til röksemdum gegn umsókn fremur en aðild. Kvartað er um slælegan undirbúning stjórnvalda, kostnað við aðildarumsóknina og ágreining ríkisstjórnarflokkanna um málið! Ég hélt satt að segja að það væri kostur í augum andstæðinga ESB. Í greinargerðinni eru nefnd 20 atriði sem nær öll eru tæknilegs eðlis eða út í hött eins og það síðastnefnda.

Nú er það vitað að stjórnarflokkurinn Vinstri hreyfingin grænt framboð er á móti aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það kom skýrt fram í atkvæðaskýringum um umsóknartillöguna á Alþingi fyrir tæpu ári auk þess sem það hefur verið margstaðfest af flokknum. Það skyldi maður ætla að væri fagnaðarefni allra ESB-andstæðinga en þess sér ekki stað. Í umræðunum núna er allt reynt sem unnt er af hálfu Sjálfstæðisflokksins til að gera lítið úr afstöðu VG sem er á móti aðild en vill engu að síður láta reyna á umsóknarferlið. Rök þessa fólks í VG hafa verið þau að það verði að afgreiða þetta mál ella hangi það yfir höfði landsmanna eins og óleyst gáta sem truflar alla eðlilega pólitíska einbeitingu. Þess vegna sé skynsamlegt að láta á málið reyna efnislega. Og svo er sagt að þjóðin ráði því sem mestu skiptir: Lokaafgreiðslu málsins. Með lýðræði. Raunar telja þessir andstæðingar ESB aðildar jafnvel að aðildin verði felld og að þetta sé greiðasta leiðin til að útkljá málið svo þeim líki.

> Og svo er sagt að þjóðin ráði því sem mestu skiptir: Lokaafgreiðslu málsins.

Sumir segja: Samþykkjum umsókn til að fella aðild.

Spurning er hins vegar hvort hin nýja mótmælahreyfing Sjálfstæðisflokksins gegn umsókninni – með óljósri afstöðu og tæknilegri til aðildar – kallar ekki á nauðsyn þess að þeir andstæðingar ESB aðildar sem styðja umsóknarferlið stofni sérstaka og nýja hreyfingu gegn aðild að ESB. Af því að þetta fólk styður engan veginn Sjálfstæðisflokkinn og vaxandi belging hans í ESB umræðunni þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Reyr, stör sem rósir vænar …“

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Ljósberi heitir blóm sem vex á melum og holtum, í klettum og víðar, algengt blóm um allt land sem blómgast í júlí og er rauðleitt að lit. Það gengur líka undir heitunum ilmjurt og ununarjurt sökum þess hve vel það angar. En ekki veit ég hvers vegna það er líka kallað píknajurt, þúsunddyggðajurt og fjallasól. Svo stórfenglegar nafngiftir fær eitt rauðleitt plöntukríli ekki nema af ærnum ástæðum og þar hlýtur að búa að baki aldagömul reynsla í sambýli þjóðar og lands; kunnáttan í meðferð og virkni íslenskra grasa hefur skilað sér frá ömmum og mæðrum til afkomenda fram á þennan dag. Það er íslensk menning.

Ljósberi, lambagras, skarifífill, holtasóley, dýragras, vallarsveifgras, geldingahnappur, prestapungur, melanóra, tófugras, blástjarna, já og auðvitað gleymmérei … Ásamt systrum sínum óteljandi mynda slíkar plöntur fíngert net um landið allt, mela og móa, holt og hæðir, fjöll og firnindi. Þær eru rauðar og bláar og gular og grænar – og hver þeirra er með sínu móti. Sumar eru góðar við magakvillum, aðrar styrkja hjartað, enn aðrar eru hollar móðurlífi, sumar eru bragðgóðar, aðrar ilma vel … Allar bera þær lífsaflinu vitni. Allar hafa þær sprottið úr íslenskri jörð og lagað sig að aðstæðum. Þær eru smáar, fíngerðar og óumræðilega harðgerar. Þær hafa lifað af uppblástur og ofbeit, ofsaveður, eldgos og íslenskan landbúnað. Allt. En lúpínan mun eyða þeim.

> Ef við þurfum endilega að sækja líkingar í mannfélagið til að reyna að átta okkur á því sem hér er um að ræða þá má ef til vill líkja lúpínuræktinni við það þegar Baugskeðjubúðirnar útrýma litlum og indælum hverfaverslunum svo að allt verður hagkvæmt, fljótvirkt, staðlað og eins.

**Ómerkilegar plöntur …**

Hún er vissulega blá og setur sterkan svip á landið þar sem hún vex og marga gleður að sjá í fjarska bláar breiður hennar þenja sig yfir hæðir og ása. Seyði hennar er sagt bráðgott við ýmsum kvillum og margir eiga bágt með að skilja hvers vegna nú eru uppi áform um að hefta útbreiðslu hennar á völdum stöðum á landinu.

Komin er nokkur reynsla á það hvernig lúpínan hegðar sér hér á landi og í stuttu máli er kraftur hennar slíkur að hún leggur undir sig heilu gróðursvæðin ef ekkert er að gert, kæfir smágerðari gróður.

Jón Loftsson skógræktarstjóri er ákafasti talsmaður líffræðilegrar fábreytni hér á landi og þess að landið sé lúpínu vaxið milli fjalls og fjöru. Á honum var að skilja í viðtali í Fréttablaðinu nýlega að hann léti sér í léttu rúmi liggja þó að lúpínan útrýmdi á stórum svæðum til að mynda berjalynginu sem gefur okkur berin sem glatt hafa góm íslenskra barna í mörg hundruð ár. Að mati skógræktarstjórans er lyngið síðasta stig gróðurs á undan algjörri gróðureyðingu; þar með er hið harðgera eðli hinnar íslensku flóru notað gegn henni, orðinn vitnisburður um að hún sé „frumstæð“. Svona hugsa lúpínistarnir: en ætli renni ekki tvær grímur á okkur hin við þá tilhugsun að eiga þess ekki kost að tína berin fyrir lúpínubreiðunum – að eiga ekki framar í vændum að liggja í íslenskri brekku fyrir lúpínubreiðunum – að fá ekki framar að teyga að okkur ilminn af blóðbergi og fjalldrapa fyrir lúpínubreiðunum – enda séu þetta allt „frumstæðar“ plöntur og lítt til þess fallnar að búa í haginn fyrir risafurur. Um skógræktarstjórann má hafa sömu orð og séra Hallgrímur notaði um þann slynga sláttumann í sálminum um blómið: „Reyr, stör, sem rósir vænar / reiknar hann jafn fánýtt.“

**Menn og plöntur**

Heldur ljótt og leiðinlegt orðbragð hefur komist á kreik í þessari umræðu að undanförnu. Menn kalla viðleitni til verndar íslenskrar flóru „rasisma“, útmála lúpínu eins og ofsóttan innflytjanda sem ekki fær sinn þegnrétt í íslensku samfélagi. En lúpínur eru ekki fólk, og það er lítilsvirðing við rasisma-hugtakið að nota það af slíkri léttúð. Og lúpínan er ekki í hlutverki þess ofsótta hér, öðru nær, það er hún sem veður nú yfir það sem fyrir er og útrýmir því. Ef við þurfum endilega að sækja líkingar í mannfélagið til að reyna að átta okkur á því sem hér er um að ræða þá má ef til vill líkja lúpínuræktinni við það þegar Baugskeðjubúðirnar útrýma litlum og indælum hverfaverslunum svo að allt verður hagkvæmt, fljótvirkt, staðlað og eins. Eða þegar McDonalds-staðir útrýma fjölbreyttum fjölskylduveitingastöðum. Eða hvar þar sem fjölbreytni víkur fyrir fábreytni.

Menn hafa leikið Ísland grátt með taumlausu skógarhöggi fyrst og síðan með því að beita einhverri mest óseðjandi skepnu jarðarinnar, sauðkindinni, hömlulaust á viðkvæmt land. Reynslan hefur sýnt að um leið og land er friðað fyrir ágangi sauðfjár og traðki hrossa tekur það við sér og fínleg gróðurþekjan myndast. Við eigum ekki að bjóða landinu okkar upp á enn eina manngerða instant-reddinguna. Það er ekki rasismi að trúa á landið og bera virðingu fyrir einkennum þess.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Meira um málfar og umburðarlyndi

Íslenskt mál



Ásgrímur Angantýsson
Málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins

Þorgrímur Gestsson, blaðamaður og rithöfundur, skrifar grein í Fréttablaðið 10. júlí sl. þar sem hann bregst við pistli mínum um málfar og umburðarlyndi í Víðsjá 6. júlí og styttri útgáfu af honum í Fréttablaðinu daginn eftir. Kjarninn í grein Þorgríms er sá að ég eigi frekar að einbeita mér að því að lesa prófarkir og leiðbeina starfsmönnum Ríkisútvarpsins um gott málfar en að ráðast á málvöndunarmenn og þá sem láta sig móðurmál okkar varða.

Grein mín var ekki árás á málvöndunarmenn heldur gagnrýni á dómhörku og alltof ríka tilhneigingu til umvöndunar í umræðu og ábendingum um málfar. Það væri reyndar í meira lagi sérkennilegt ef ég hefði ætlað mér að koma „afturhaldsorði“ á þá sem unna málinu og leggja stund á málvöndun því að ég tilheyri sjálfur þeim hópi. Ekki kannast ég heldur við að ég né aðrir íslenskufræðingar af yngri kynslóðinni amist við „hvers konar athugasemdum við málfar“. Í starfi mínu legg ég einmitt mikla áherslu á vandað mál og viðeigandi málsnið og Þorgrímur þarf ekki að óttast að ég leggi blessun mína yfir hvað sem er. Samkvæmt málstefnu Ríkisútvarpsins eiga starfsmenn að leggjast á eitt til að málfar sé til fyrirmyndar. Ég veit vel að það tekst ekki alltaf en það er sannarlega markmiðið.

Þorgrímur tekur undir það meginsjónarmið íslenskrar málstefnu að það beri að varðveita íslenskt málkerfi í megindráttum og efla málnotkun á sem flestum sviðum en spyr hvar ég vilji draga mörkin milli þess og „bókstafstrúarinnar“ sem ég talaði um. Því er til að svara að það er vel hægt að þjóna markmiðum málstefnunnar án þess að festast í einstrengingslegum viðmiðum um rétt og rangt. Með bókstafstrú í málfarsefnum á

> Samkvæmt málstefnu Ríkisútvarpsins eiga starfsmenn að leggjast á eitt til að málfar sé til fyrirmyndar. Ég veit vel að það tekst ekki alltaf en það er sannarlega markmiðið.

ég t.d. við þá hugmynd að það sem ekki finnist í orðabókum eða handbókum hljóti að vera vitlaust. Samkvæmt því væri rétt að segja *Hann rústaði íbúðina* af því að orðabókin gefur slík dæmi en *Hann rústaði íbúðinni* væri talið rangt mál þó að það sé afar útbreitt og samræmist betur máltilfinningu margra. Tilbrigði eins og þessi eru raunar engin ógn við íslenskt málkerfi. Nýjungin felst einfaldlega í því að andlagið er haft í þágufalli en ekki þolfalli og hvorki þolfallinu né beygingarkerfinu er nokkur hætta búin því að flest andlög eru eftir sem áður í þolfalli: *Kennarinn braut **stólinn**, Konan kyssti **manninn*** o.s.frv.

Að lokum vil ég stinga upp á eftirfarandi „uppskrift“ að málfarsleiðbeiningum:

1) Að skilgreina nýjungina og lýsa því hvernig hún víkur frá hefðbundinni málnotkun.

2) Að skýra hvers vegna breytingin kemur upp og hvernig notkuninni er háttað.

3) Að upplýsa um að nýja notkunin þyki ekki gott mál og þess vegna sé ástæða til að forðast hana við formlegar aðstæður.

Ef vel tekst til verður viðtakandinn einhvers vísari, áttar sig á um hvað málið snýst og getur myndað sér sjálfstæða skoðun. Það er líka auðveldara að muna það sem maður skilur. Málfarsábendingar snúast of oft upp í einfölduð boð og bönn þar sem viðtakandanum eru ekki gefnar nægilegar forsendur til að fara eftir þeim. Það er kannski einmitt þess vegna sem þær missa oft marks.



# Möðruvallahreyfingin í ljósi sögunnar

Stjórnmál

Elías Snæland Jónsson
rithöfundur



Á árunum fyrir og eftir síðustu aldamót var íslensku samfélagi breytt í siðlausan leikvang græðgi og gróða sem varð sem rjúkandi rúst er vetur gekk í garð árið 2008. Áhorfendur græðgisleikanna, alþýða manna á Íslandi, lágu eftir á berangri með óbærilega skuldabyrði vellauðugra fjárglæframanna og flokksgæðinga á bakinu.

Það þurfti ekki svo að fara.

Undir lok sjöunda áratugar 20. aldar og á fyrstu árum þess áttunda gerði fjölmenn og vösk sveit ungra hugsjónamanna úrslitatilraun til að tryggja að Framsóknarflokkurinn bæri fram til sigurs þá stefnu félagshyggju og samfylkingar til vinstri sem flokksþing höfðu mótað og ríflega 28% kjósenda lýst stuðningi við í Alþingiskosningum. Gegn þessu snerust hægri menn í flokknum og þegar á leið einnig helstu forystumenn hans. Um margra ára skeið var harkalega tekist á um hvort Framsóknarflokkurinn ætti að vera í fylkingarbrjósti vinstri hreyfingarinnar í landinu eða rótlaus miðflokkur sem tæki þátt í ríkisstjórn ýmist til hægri eða vinstri eftir því hver biði best á uppboðsmarkaði stjórnmálanna. Þessari baráttu SUF og Möðruvallahreyfingarinnar lyktaði með sigri hægri manna vorið 1974 þegar flokksforystan sneri baki við þeirri grundvallarstefnu sem flokkurinn hafði boðað þjóðinni mörg undanfarin ár og samþykkt var á flokksþingum, en gekk þess í stað til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn um að framkvæma það í ríkisstjórn og á Alþingi sem flokkurinn hafði áður barist gegn.

Sú afdrifaríka ákvörðun flokksforystunnar fyrir meira en 30 árum var upphaf þeirrar þróunar sem breytti næst stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar í smáflokk sem biðlaði ákaft til hægri á markaðstorgi valdsins. Tólf ára samfellt stjórnarsamstarf undir forystu Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar lagði síðan grundvöll að óheftri græðgisvæðingu íslensks efnahagslífs. Í stað þess að Framsóknarflokkurinn hefði forystu um uppbyggingu samfélagsins eftir leiðum jafnaðar, samvinnu og lýðræðis, beittu þessi samtvinnuðu hægri öfl valdastöðu sinni til færa eignir þjóðarinnar til pólitískra einkavina og breyta fjármálalífinu í eftirlitslítið spilavíti sem á örfáum árum leiddi til hrikalegra misréttis og meiri ójafnaðar en nokkru sinni fyrr í sögu landsins, og að lokum til gjaldþrots einkavæddu bankanna og margra stórfyrirtækja sömu eigenda, en skildi almenning eftir í hrikalegum skuldaklafa.

Í ljósi þeirra hræðilegu áfalla sem öfgastefna hægri manna hefur kallað yfir íslenska þjóð fannst mér í senn brýnt og tímabært að rifja upp gang þess örlagaríka stríðs sem ungir Framsóknarmenn og Möðruvallahreyfingin háðu árum saman um sál Framsóknarflokksins, en þar lögðum við mesta áherslu á eftirfarandi baráttumál:

1) Sameiningu vinstri manna. 2) Varanlega vinstri stjórn. 3) Samstarf og eflingu Samvinnuhreyfingar og Verkalýðshreyfingar. 4) Sjálfstæða utanríkisstefnu og brottför bandaríska hersins. 5) Nýja og róttæka byggðastefnu. 6) Lýðræðislegri vinnubrögð og aukinn heiðarleika í opinberu lífi. 7) Nýtt lífsgæðamat. 8) Einarða afstöðu ungs fólks í stjórnmálum.

Saga þessara átaka - „Möðruvallahreyfingin – Baráttusaga“ - er væntanleg á haustmánuðum. Að grunni til er bókin byggð á samtíðargögnum af ýmsu tagi, þar á meðal minnisblöðum og dagbókum sem ég hef haldið gegnum tíðina. Einnig hef ég sótt í fróðleiksbrunn gamalla baráttufélaga, leitað fanga í skjalasafni Eysteins Jónssonar, formanns Framsóknarflokksins á árunum 1962-1968 og endurnýjað kynni mín af umfjöllun fjölmiðla á sjötta og sjöunda áratugnum, en baráttan var að hluta til háð á síðum dagblaðanna. Þá hef ég skoðað liðna atburði í ljósi margvíslegra upplýsinga og rannsókna sem fram hafa komið hin síðari ár um sitthvað sem brallað var með leynd að baki við valdatjöldin.

Efnisyfirlit bókarinnar er birt á nýrri vefsíðu. Slóðin er: www.modruvallahreyfingin.com.

# Við borgum ekki

Gengistryggð lán

Árni Þorvaldur Jónsson
arkitekt



Nýlega var rekinn enn einn fleinninn í íslenskt samfélag. Hæstiréttur felldi dóm um ólögmæti gengistryggingar lána, án þess að gefa fyrirmæli um hvernig þau skyldu gerð upp. Með þessu skar hann stóran hluta íslenskra lántakenda „úr snörunni“. Snöru sem þeir voru ginntir í með gylliboðum um lægri afborganir en af þeim lánum sem almennt tíðkuðust hér á landi.

Höfuðstóll og þ.a.l. afborganir og vextir, skyldu miðaðir við gengi ákveðinna erlendra gjaldmiðla. - Hugsunin var að Íslendingar, sem ekki gátu tekið erlend lán milliliðalaust, byggju við svipuð lánakjör og tíðkast þar. Vextirnir voru því sambærilegir við vexti af lánum í viðkomandi löndum og lánin óverðtryggð.- Lánveitendur (endur)fjármögnuðu lánin sjálfir með lántöku í viðkomandi löndum/gjaldmiðlum. Íslenskir lántakendur tóku því (vísvitandi) áhættu í þessum lánum. Þeir tóku sér stöðu á n.k. fallhlera sem gat, ef allt færi á versta veg, opnast og „snaran herst um háls þeirra“. Enginn gerði hins vegar ráð fyrir að hlerinn myndi falla. Í versta falli myndi „spottinn“ í lykkjuna styttast eitthvað ef krónan sigi. Margir gerðu sér eflaust vonir um að krónan héldi áfram að styrkjast og skuldasnaran lengjast enn frekar. Nú vita allir hvernig fór; krónan féll og höfuðstóll erlendra myntkörfulána tvöfaldaðist og afborganir með. Hlerinn galopnaðist og snaran herptist að hálsi skuldara.

Ég er einn af þeim heppnu (eða hvað?) sem ekki tók sér stöðu á hleranum. En ég hef mikla samúð með þeim sem það gerðu. Ég veit að ég get engan veginn gert mér í hugarlund hvernig þeim hefur liðið undafarin tæp tvö ár. Ég á einnig erfitt með að gera mér grein fyrir þeim létti sem dómur Hæstaréttar hlýtur að hafa haft í för með sér. En nú þegar Hæstiréttur hefur höggvið á þennan hnút, vilja sumir halda sig við bókstafinn og borga bara þá vaxtaupphæð sem í samningi þeirra stendur, jafnvel þótt sú tala hafi miðast við að lánin væru óverðtryggð, en með tryggingu fyrir því að lánveitandi gæti borgað baklán sín í sömu mynt.

Eftir dóm Hæstaréttar er þessi trygging ekki lengur fyrir hendi. Ef greitt verður með óbreyttum vöxum munu lánveitendur tapa enn meira fé en vegna niðurfellingar gengistryggingarinnar. En íslenska ríkið mun einnig tapa stórfé! Íslenskur almenningur mun þurfa að þola hærri vexti af öðrum lánum og verðbólga mun eflaust aukast. Hið lága gengi íslensku krónunnar mun lækka enn frekar. Þeir lántakendur myntkörfuléna sem neita að borga hærri vexti en þeir sömdu um eru m.ö.o. að taka stöðu gegn krónunni! Þeir eru einnig að taka stöðu gegn þeim sem borga af verðtryggðum innlendum lánum þ.e. okkur hinum. Er þetta ekki svolítið líkt afstöðu hinna svokölluðu Útrásarvíkinga þ.e.: „Hirðum ágóðan meðan hann gefst en veltum tapinu yfir á hina!“?

> Það er hvorki sanngjarnt að þeim sé refsað sem sýndu varkárni í peningamálum né skynsamlegt að kynt sé viljandi undir verðbólgubálinu.

Ég tel að menn þurfi að sýna sanngirni og almenna skynsemi í þessu máli. Það er hvorki sanngjarnt að þeim sé refsað sem sýndu varkárni í peningamálum né skynsamlegt að kynt sé viljandi undir verðbólgubálinu. Myntkörfulántakendur munu einnig líða fyrir hærri skatta og meiri verðbólgu. Um leið og ég fagna því að þeir hafi verið „skornir úr snörunni“ vil ég hvetja þá til að skoða málið frá öllum hliðum. Þeir geta með eigin afstöðu lagt sín lóð á vogarskálar réttlætisins, þ.e. með því að semja um nýja vexti beint við lánadrottna sína, hagstæðustu vexti óverðtryggðra lána eða aðra. Erum við ekki að reyna að skilja við árið 2007?

# Vöktun á náttúruvá

Umhverfisvá

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur valdið okkur Íslendingum búsifjum, bæði nágrönnum eldfjallsins og þjóðarbúinu í heild. Um 100.000 flugferðum þurfti að aflýsa víða um heim vegna gossins og hefur ekkert annað eldgos valdið jafn víðtækri röskun á samgöngum og starfsemi.

Mikið hefur mætt á stjórnvöldum og stofnunum sem sinna jarðvísindum, vöktun á náttúruvá og almannavörnum vegna gossins og búa þær þar að mikilvægri vinnu vísindamanna við gerð hættumats og áhættugreiningar vegna eldgosa og flóða úr Mýrdals- og Eyjafjallajökli. Gífurlegar kröfur eru gerðar til íslenskra vísindamanna um áreiðanlegar spár og upplýsingar; öryggi þúsunda flugfarþega veltur á vinnu þeirra. Álagið hefur verið eftir því. Á Veðurstofu Íslands þurfti starfsfólk að leggja nótt við dag við vöktun, úrvinnslu gagna og dagleg samskipti við erlendar vísindastofnanir, flugmálayfirvöld og fjölmiðla til að miðla sem nýjustum og nákvæmustum upplýsingum um gosið og öskuskýið og dreifingu þess.

### Vísindamenn stóðust álagsprófið

Skemmst er frá því að segja að Veðurstofan hefur staðist þessa prófraun með glans og ég hef sannfrétt að erlendum samstarfsaðilum finnst mikið til koma yfir því að svo fáliðuð stofnun geti veitt jafn góða þjónustu og upplýsingar sem raun ber vitni. Eftir að Vatnamælingar Orkustofnunar og Veðurstofan voru sameinuð fyrir um tveimur árum er vöktun á helstu eðlisþáttum jarðar samþætt í einni stofnun, sem gefur henni meiri burði til að takast á við stór verkefni og tímabundið álag.

Því fer þó fjarri að við skiljum hegðun eldstöðva til fulls. Mælingar á dreifingu eldfjallaösku og mat á hættu henni samfara eru ung og óþroskuð fræði. Áhugi á að bæta þekkingu á þessum málum hefur aukist gríðarlega nú í gosinu. Veðurstofan hefur skrifað undir yfirlýsingu um samstarf við bresku veðurstofuna og fleiri erlendir aðilar hafa áhuga á samstarfi, m.a. á sviði „eldfjallaveðurfræði“, sem má segja að sé ný hliðargrein á meiði vísindanna.

### Sterkir innviðir mæta náttúruvá

Á mörgum sviðum býr íslenskt samfélag að góðum innviðum og er vel í stakk búið til að mæta erfiðum áskorunum. Ég tel að viðbrögðin við gosinu í Eyjafjallajökli og eftirmál þess hafi sýnt styrk þeirra sem þar báru mesta ábyrgð og eiga þeir þakkir skilið. Góð frammistaða íslenskra vísindamanna og stofnana í gosinu mun efla til muna möguleika Íslendinga á að taka þátt í fjölþjóðlegum rannsóknum og vöktunarverkefnum í náinni framtíð. Úr öskunni getur sprottið græn nál. Við þurfum að hlúa að henni og tryggja að hér verði enn betri vöktun á náttúruvá og sterkar stofnanir sem geti brugðist rétt og fumlaust við stóratburðum.




**SKILRÚM** geta verið skemmtileg til þess að skipta niður rými. Þau eru líka mörg hver mjög falleg og lífga upp á heimilið í leiðinni.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




friendtex

ÚTSALA

Nú er hægt að gera frábær kaup

komdu það, borgar sig

Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18
Lokað á laugardögum

50% 40%

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




„Þetta er auðvitað bara dásamlegt,“ segir Guðmundur sem hér flettir i gegnum hluta af plötusafni föður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekta græja úr Einarsbúð

**Morgunútvarpsmaðurinn Guðmundur Gunnarsson á forláta útvarp og plötuspilara sem faðir hans keypti sér fyrir fjörutíu árum, eftir sína fyrstu og einu sjóferð. Hljómurinn í græjunum er enn stórkostlegur.**

„Þetta er fjörutíu ára Grundig tæki og það er stórt merki á skjánum sem gefur til kynna að það sé ekta stereótæki. Það þótti voðalega fínt,“ segir Guðmundur stoltur og sýnir heljarstóra mublu sem stendur á besta stað á heimili hans. Útvarp á fjórum fótum með innbyggðum plötuspilara. Svo kemur sagan: „Ég er frá Bolungarvík og karl faðir minn, Gunnar Hallsson, keypti þessa græju fyrir fjörutíu árum. Þá fór hann sinn fyrsta og eina túr á sjó. Kom í land og greiddi alla sína reikninga og átti samt afgang svo hann fór niður í Einarsbúð og keypti flottustu og dýrustu græjurnar sem fengust á staðnum. Þetta tæki hafði það orð á sér að gefa besta hljóminn í Víkinni á þessum tíma.“

Eitt sinn er Guðmundur var staddur í heimabænum fyrir nokkrum árum kveðst hann hafa verið að þusa um að hann þyrfti að fá sér lítið útvarpstæki í eldhúsið. „Þá fór pabbi eitthvað að tala um að hann ætti tæki sem væri að rykfalla í bílskúrnum. Þótt það væri langt frá að vera lítið þá endaði með að ég fór með það suður og allt vínylplötusafnið hans.

Guðmundur segir útvarpið oftar en ekki í gangi þegar húsráðendur séu heima og hljómurinn sé enn stórkostlegur. „Svo fer maður í geymsluna annað slagið og nær sér í nettan bunka úr plötusafninu, sest niður og rúllar í gegnum Áhöfnina á Halastjörnunni og Bítlana í bland. Þetta er auðvitað bara dásamlegt,“ segir hann en viðurkennir að plötuspilarinn sé aðeins farið að þreytast. „Hann á til að hægja á sér svona á fjórðu plötu. Þá þarf maður að hvíla hann og taka hann svo til kostanna síðar.“

*gun@frettabladid.is*


Vegghengdur gashitari.



Þriggja brennara gas geislahitari
Tvær hitastillingar, neistakveikja.
Afköst 22.000.BTU / 6,5 kWh
B:60cm x H:48cm x D:37cm.

HEAT
DESIGN BY TOBIAS JACOBSEN

JÁRN & GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

**MYNDARAMMAR** af öllum stærðum og gerðum geta myndað flotta veggskreytingu. Fjölskylduveggur, með myndum af fjölskyldunni gerir heimilið líka huggulegt.







vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Ávallt skal þvo rúmfatnað áður en hann er notaður í fyrsta skipti, til að ná steiningunni úr. Í sumum tilfellum þarf að þvo rúmfatnaðinn í fyrsta skipti við ákveðið hitastig til þess að festa litinn, en þetta á þá bara við um sterka liti. Skoðið umbúðirnar vel áður en þið þvoið ný rúmföt og fylgið leiðbeiningunum.

tilefni.is



Alda Halldórsdóttir og Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuðir unnu nýja vöru, sem komin er á markað, fyrir glerverksmiðjuna Samverk á Hellu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Glerhellur til heimilisins

**Vöruhönnuðirnir Alda Halldórsdóttir og Guðrún Valdimarsdóttir hafa hannað glerhellur fyrir glerverksmiðjuna Samverk á Hellu. Hellurnar voru kynntar á Hönnunarmars í vor og eru nú að koma á markað.**

„Lokavinnan við hellurnar er að klárast og fyrstu hellurnar eru komnar á markað, í verslununum Mýrinni og Hrími og svo á næstu dögum í Kokku," segir Alda Halldórsdóttir sem hannaði glerhellur til heimilisnota í samvinnu við Guðrúnu Valdimarsdóttur. Verkefnið unnu þær fyrir Glerverksmiðjuna Samverk á Hellu.

„Við duttum niður á þetta verkefni þegar glerverksmiðjuna vantaði einhvern til að hanna fyrir sig vöru til að eiga á lager hjá sér. Ég fékk Guðrúnu í lið með mér en við vorum saman í Listaháskólanum í vöruhönnun."

Hjá Samverki eru stórir glerflekar sniðnir, til dæmis í glugga og sturtuklefa og gengu Alda og Guðrún strax út frá því að nýta það gler sem félli til við almenna vinnslu verksmiðjunnar. Einnig tóku þær tillit til annarrar vinnslu í fyrirtækinu sem gæti nýst.

„Samverk er til dæmis að sprautulakka og býður upp á alls konar liti í vatnslakki og sandblæstri. Við skoðuðum hvað væri hægt að gera með afgangana en miklu magni af afskurði er fargað. Úr urðu litlar hellur en þær eru 16 x 9 x 1,5 cm að stærð. Við létum sprautulakka þær í mismunandi litum og koma þær sex saman í heitum tónum og sex í köldum tónum," segir Alda en þær stöllur hönnuðu einnig umbúðir utan um hellurnar í samvinnu við prentsmiðjuna Odda.

Hellurnar segir Alda henta til heimilisnota til dæmis undir kaffibolla og kökubita eða sem sushidisk. Eins er hægt að nota þær undir kerti, sem hitaplatta eða skurðarbretti. Hugmyndaflugið megi fá að ráða.

Hellurnar eru fyrsta eigin vara Glerverksmiðjunnar Samverks og segir Alda frábært að íslensk framleiðslufyrirtæki sjái möguleikana í samvinnu við hönnuði til vöruþróunar. „Þetta var nýtt fyrir þeim eins og okkur en gekk mjög vel og hellurnar eru líka okkar fyrsta vara. Okkur býðst að halda samstarfinu áfram og gera fleiri verkefni fyrir verksmiðjuna. Möguleikarnir eru endalausir og við erum með þó nokkrar hugmyndir sem eru enn á byrjunarstigi."

*heida@frettabladid.is*



Hellur geta nýst undir kaffibolla eða tertusneið, sem hitaplattar eða skurðarbretti eftir vild. MYND/GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR


Rauðakrosshúsið

## Dagskrá vikunnar

Ókeypis fyrir alla

**Mánudagur 28. júní**

- Gleðin - Orsök og afleiðingar - Gleðin ætti að vera stór þáttur í lífi okkar, en það er hún ekki alltaf. Veltum gleðinni fyrir okkur. kl.13 -14
- Prjónahópur - Heklaðu og prjónaðu með okkur. kl. 13 -15
- Ömmur og afar - Hvaða hlutverki gegna amma og afi í lífi okkar? Umsjón: Valgerður Magnúsdóttir, sálfræðingur. kl.14:30 -15:30

Gönguhópurinn Njótandi og þjótandi - Gengið um höfuðborgarsvæðið þrisvar í viku (mán. kl. 13, mið. og fös. kl.10) og margvíslegir staðir skoðaðir. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

**Þriðjudagur 29. júní**

- Heilsuhópur Takts - Fyrir 16-25 ára. Gengið á Helgafell. Mæting kl. 10 í Rauðakrosshúsinu. Gangan hefst kl. 10:30.
- Hvernig stöndumst við álag? - Fjallað um áhrif hugsana á líðan okkar og leiðir til að takast á við álag. kl.13 -14
- Gönguhópur kl. 13 -14
- Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14 -16

**Miðvikudagur 30. júní**

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu

- Taktur - Fyrir 16-25 ára. atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. kl.9 -13
- Spænskuhópur - Spjöllum saman á spænsku um pólitík og lífið. kl.11-12
- Einföld súpa - Lærðu að gera einfalda súpu og smakkaðu í lokin kl. 11:30 -13
- Skapaðu þér góða framtíð! - Hópastarf fyrir 16-25 ára. Styrktu sjálfsmyndina og lærðu tilfinningastjórnun. Annar hluti af sex. Lokað! kl. 13 -15
- Samskipti í lit - Litir nýttir til að auka skilning okkar hvert á öðru. kl. 13 -14
- Jóga - Léttar æfingar og teygjur. Komdu og prófaðu. kl. 15 -16
- Ráðgjöf fyrir innflytjendur kl. 14 -16
**sími 512 5427**

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is
**sími 512 5447**

**Þriðjudaga**



EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Marargrund 10 - mjög gott hús




Glæsilegt og vel staðsett 184,2 fm einbýlishús ásamt 51,6 fm bílskúr, samtals 235,8 fm. Húsið er mikið endurnýjað að innan og með góða tengingu við skjólgóðan og gróinn suðurgarð með timburverönd og heitum potti. V. 44,5 m. 5836

**OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KLÞ. 17:00 – 18:00**



Auglýsingasími

# 512 54 01




Allt sem þú þarft...



# Fasteignaauglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**
Sími: 512-5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is

# Barnagaman í garðinum

**Garðurinn getur verið sannkallaður sælureitur barna jafnt sem fullorðinna ef það má leika sér í honum.**

Til að forða skrúðbeðunum frá traðki lítilla fóta í eltingaleik gæti verið sniðugt að virkja krakkana í garðverkin og fá þeim hrífu í hönd. Eins væri hægt að búa til skemmtilegan leik úr því að aka mold í hjólbörum milli beða. Litlu börnin sem ekki er hægt að nýta til verka verða þá að hafa aðra afþreyingu. Litlir, færanlegir sandkassar eða skemmtileg garðhús eru góð lausn og litríkir rugguhestar eða sniglar vekja alltaf gleði. *- rat*



Ruggusnigill frá Húsasmiðjunni á 3.779 krónur.



Hjólbörur frá Toys R Us á 3.699 krónur.



Garðhrífa frá Toys R Us á 749 krónur.

Strákústur frá Toys R Us á 749 krónur.

Garðhús frá Húsasmiðjunni á 21.895.



Grislingarnir geta verið fyrirferðarmiklir í garðinum. Þá er ráð að virkja þá til vinnu eða bjóða þeim upp á skemmtileg leikföng MYND/NORDICPHPHOTOS/GETTY



● **SAMBÝLI FUGLA Í GARÐINUM** Smáfuglarnir eiga sér athvarf í görðunum og tilvalið að koma upp fuglahúsi í tré til að laða þá að. Fuglahúsið þarf ekki að vera flókin smíð en fyrir þá sem hafa tíu þumalfingur gæti verið hentugra að kaupa eitt tilbúið. „Neighbird“, sem gæti á íslensku verið grannfugl, er tvöfalt fuglahús úr eik 32 x 26 x 12 sentimetrar að stærð, hannað af hollenska tvíeykinu Ountwerpduo. Neighbird, eins og nafnið ætti að gefa til kynna, er gert fyrir tvo fugla að byggja sér hreiður í sambýli. Óvíst er hversu margar fuglategundir eru tilbúnar að deila híbýlum en húsið er fallegt og fer vel í tré og gæti flokkast sem villa fyrir einn fugl. Nánar má forvitnast um hönnun tvíeykisins á vefsíðunni www.ontwerpduo.nl þar sem hægt er að kaupa húsið á 84,95 evrur.

●**Á RÓLI Í GARÐINUM** Þó sumarkvöldin hér á Íslandi geti verið svöl er engin ástæða til að hanga inni. Haustið kemur nógu snemma með veturinn í eftirdragi og nógur tími þá til að leggjast undir feld uppi í sófa. Því er ráð að flytja kósíheitin út í garð og koma sér fyrir í rómantískri rólu með teppi og heitan drykk rétt á meðan sumarið stendur. Garðrólur eru ekki algengar í íslenskum görðum en fyrir því eru engin rök. Þær er að finna í einhverjum verslunum en rólan á myndinni fæst í Grillbúðinni.





● **BÍBÍ PASSAR ÞVOTTINN** Þessi þvottaklemma kemur úr smiðju fyrirtækisins Whippet Grey og er bæði handhæg og falleg. Hvert stykki er handskorið í við og eru þar af leiðandi engar tvær þvottaklemmur eins. Að auki gæti líka verið ágæt hugmynd að festa nokkur stykki á greinar út í garðinn heima og lífga þannig aðeins upp á sitt nánasta umhverfi.


# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 23 stöðum á Suðurlandi og 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum




Allt sem þú þarft...

# FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


Umboðssalan
...markaður fyrir notað og nýtt
Smáratorgi
við hliðina á Rúmfatalagernum
...við seljum fyrir þá sem vilja selja
og seljum þeim sem vilja kaupa,
svo einfalt er það!
Tryggið ykkur hagstæð kjör!
www.umbodssalan.is
Umboðssalan Smáratorgi Kópavogi
Símar: 867 0157 og 867 0177
Opið alla virka daga frá 12-18:30
Laugardaga frá 11-16
Sunnudaga frá 13-16

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Toyota Klettháls TOYOTA



HYUNDAI SANTA FE CRDI. Árgerð 2007, ekinn 60 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.110390



TOYOTA YARIS. Árgerð 2005, ekinn 110 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.150106



TOYOTA AVENSIS L/B. Árgerð 2001, ekinn 156 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.140.000. Rnr.995676



TOYOTA YARIS 5 DYRA SOL. Árgerð 2006, ekinn 60 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.995265

**Toyota Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



Palomino Colt 07/2005 árgerð 2006 , 9 feta með fortjaldi, svefntjöldum ofl verð 1380 þús, er til synis í syningarsal bilfangs.



Toyota Landcruiser 120 VX 11/2005 ek 110 þ.km Flottur jeppi ! Verð 5990 ákv 2750 ath skipti



Vw Passat 2.0 FSI Highline 06/2006 2.0 L sjálfskiptur, álfelgur ofl verð 2590 ath skipti ódýrari



M-Benz C 200 Kompressor Avantgarde (NEW) 02/2008 ek 28 þ.km, Leður, lúga, 17 álf , bluetooth ofl verð 6690 ath skipti ód

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Motor sport



Eigum æðislegan 250cc hippa á sértilboði, aðeins kr. 298 þús. áður 448 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

100 bílar bílasala .is



Porsche Cayenne, árg2006, ek. 43þús. km, sjálfsk, 250hö, leður, loftpúðafj, 2 felgugangar, BOSE hljómkerfi, Stórglæsilegur umboðsbíll sem lítur út sem nýr, Ásett verð 5990þús.kr, er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ 480.000.-**
MMC GALANT GLSI/SEDAN. Árgerð 1998, ekinn 225 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur, dráttarkrókur, ný tímareim. Verð 590.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



*Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.* Óskum eftir öllum gerðum af húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á söluskrá. Mikil eftirspurn og góð sala. Stórt útipláss. Einnig til leigu hjólhýsi. Pantið tímanlega. Ath sum stéttarfélög veita styrk til leigunnar. ferdavagnamarkadur.is Höfðabakki 9, S: 445-3367

WW Polo árg.2007 Ekinn 31.000 Verð 1.490.000 S. 897 7046.

KIA PICANTO 03/2008, sjálfskiptur, ek. 8 þ.km. Sumar- og vetrardekk. V. 1.350 þ. Uppl. 861 3161.

## 0-250 þús.

TJALDVAGN Lítill og léttur COMNACHE - PETID tjaldvagn til sölu. verð 190 þús kr. Upplýsingar í símum 772 2225 og 562 0000

## 250-499 þús.



**TILBOÐ TILBOÐ!!!**
NISSAN PRIMERA ELEGANCE 2.0 ssk/steptronic árg 2000 ek.140 þús,geislaspilari og græjur,spoiler álfelgur,kastarar,fjarstyrðar samlæsingar ofl.svartur á litinn,ný skoðaður 2011 ásett verð 690 þús TILBOÐ 499 ÞÚS! S.841 8955

## Bílar óskast

**Golf, Polo, Micra eða Lancer óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Vantar ódýran**
Vantar ódýran bíl. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. Allar tegundir, allar árgerðir. S. 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

OK VARAHLUTIR

**Varahlutir -Varahlutir**
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, áratuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

## Mótorhjól



Óska eftir nýlegum vespu/m í skiptum fyrir Tm racing krosshjól (125 cc árg. 2006 með öllum búnaði). S. 554 5886 & 663 7029 & 893 9145

## Fjórhjól



Óska eftir nýlegu götuskráðu fjórhjóli í skiptum fyrir Tm racing krosshjól (125cc, árg.2006, með öllum búnaði). S. S. 554 5886 & 663 7029 & 893 9145

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
**Eina sérhæfða hjólasmíðastofa landsins!**
Alhliða hjólaviðgerðir-Sérsmíðum hjól-Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól-Hólmaslóð 2 og Ármúla 42 kriacycles.comS: 534 9164 / 659 1595.

## Kerrur



HUMBAUR álkerrur. 13“ dekk. Verð frá 165.000 kr. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 898-7126



**Easyline 105 heimiliskerra**
Innanmál: 105x84x32 cm - heildarþyngd 350 kg - burðargeta 277 kg - dekk 8“ Verð kr. 58.000,- Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

## Fellihýsi

Starcraft 12 fet, árg.‘08 lítið notað. Sólarsella, stórt fortjald. Uppl. í S: 824 2884.

## Tjaldvagnar

Til sölu COMBI CAMP SPORT Tjaldvagn með fortjaldi árg. 1995 verð 280þ. 894 0648

## Vinnuvélar

LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ
LEIGUVELAR.IS

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar



Eigum til sölu ónotað Sýningareintak af Quicksilver 540 cruiser með báta kerru hægt að fá hann með eða án mótors Uppl í S 520-0000 vélasalan eða velasalan@velasalan.is

Lífbátar frá 159.900kr, blautgallar frá 34.900kr, Þurrgallar m/öndun 69.900kr, Barnavesti m/100N floti 9.900kr, Sæþotuvesti 9.900kr, Gasbjörgunarvesti (180N) 17.800kr. Fullt af vörum á www.gummibatar.is. Gúmmíbátar & Gallar S: 5711020

**Lagnet Lagnet**
Fyrir veiðiréttháfa í Þjórsá, Hvítá og fleiri straumvötnum. Mikið úrval, Heimavík s. 892 8655. Heimavik.is

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**Aukahlutir á útsölu**
Subaru, Nissan, BMW, Land Rover, Hyundai, Renault,
allt að 70% afsláttur
Vindskeiðar , mottur, dráttarbeisli, álfelgur, aurhlífar, gluggavindhlífar, toppgrindur og -bogar, hliðarlistar, kastarar,
Varahlutir - B&L og Ingvar Helgason, sími 525 8000, varahlutir@ih.is

LJÓSBOGINN ehf

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bíldshöfða 14 sími 553-1244.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.‘05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso,Terrano,Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-‘05. L200/Izuzu pick up ,00-‘07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-‘08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-‘06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-‘08. VW/skoda ,00-‘05. Mazda/Ford ,00-‘05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-‘06. Citroen C2/C3 ,02-‘06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

## ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Kínahofið Tilboð. Súpa og 4 smáréttir kr. 1450 kr. tekið með. 1590 ef borðað er á staðnum. Nýbýlavegi 20 Kóp. S. 554 5022.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.







Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Hljómtæki

Nánast ónotaður Epiphone Les Paul standard sunburst rafmagnsgítar selst á einungis 70.000 með harðri tösku og standi. s: 772 2404

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Vinnulyfta 20 m vinnuhæð" Tomas lift" lítið notuð, vel með farin, til sölu. uppl. í s. 89-21270




## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Fjölbreytt úrval! Krossviður-Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.

## Verslun







## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Leður tungusófi svartur, nýlegur og nýlegt rúm 2x2. S. 662 8261

## Dýrahald



Swedetop's ræktun er með hvolpa sem eru tilbúnir á framtíðarheimili. Áhugasamir hafi samband 896 3306 http://www.swedetops.is

## Ýmislegt



Vandað Veislutjald 5x10m2 nýtt notað í 1 Brúðkaup sími 869 3723-567 0107

Gólfplötur 22/600x2400 Nótaðar, rakaheldar plötur. 200 fm. selst á hálfvirði. S. 863 3328 / 896 3420.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

40 fm. húsnæði á götuhæð til leigu, að Þverholti 5, Mofellsbæ, gengið beint inn, WC og vaskur, hægt að setja sturtu og fl. Lítil innrétting. Hægt að nota undir ýmislegt, laust strax, S 893 8166 eða netfang grensas@isl.is

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Íbúð fyrir kvikmyndatökur. Óskum eftir að leigja stóra íbúð í fjölbýli fyrir kvikmyndatökur eina viku í september. Nánari upplýsingar í síma 866 2052

Óska eftir 3 herb. íbúð í 101 Rvk eða nágrenni frá 1. sept. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.Uppl. í síma 8494633 eða hronnrun@hotmail.com.

3 reglusamir háskólanemar óska eftir langtíma leiguíbúð í RVK frá og með ágúst. 6957814 - Guðjón

Óska eftir 3-5h. íbúð á svæði 203 eða í hfj. frá og m. 1ágúst. S:6183289 Brynhildur

## Sumarbústaðir



Gestahús til sölu 20 feta gámur(15 fm) innréttaður með klósetti, sturtu, eldunaraðstöðu, ísskáp og fleira verð 1200 þ uppl. í síma 8973700

Sumarbústaður til leigu í sumar helgar/viku leiga í senn. Er 90km frá Rvk. Uppl. 892 1224

**Tilboð á sumarhúsum**
46 fm. sumarhús fullbúið að utan, fokhelt að innan með frágengnu gólfi. V. 4,2 m. Áratuga reynsla Hús og parket ehf. 894 0048 og 893 0422.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting



Félagsheimilið Logaland í Borgarfirði. Eigum örfáar lausar helgar í sumar, tilvalinn staður fyrir ættarmótið, Brúðkaupið eða afmælið. Upplýsingar í síma 696 1544.

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ
www.115.is

**Starfsfólk óskast í Ræstingar.**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í ræstingar í verslunum í bæði dag og næturvinnu. Skilyrði; reynsla af ræstingum, góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vilt þú vinna lítið og hafa lítil laun? Uppl í s 6932272 og 7732100.

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Tekjumöguleikar 100-250 þús á mánuði í aukastarfi. Uppl gefur Gísli í s: 553 6688 eða á gisli@tmi.is

Hressingarskálinn óskar eftir jákvæðum og hressum þjónum í fullt starf. Umsóknir á staðnum, Austurstræti 20

Óskum eftir aðila til að hafa umsjón með fyrirtæki í fiskvinnslu og gerð fiskrétta. Um fullt starf er að ræða. Matreiðslumaður eða reynslu úr mötuneyti æskileg. Sendið upplýsingar til helgi@esca.is

**Bakarí**
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Möguleiki á helgarvinnu. Framtíðarvinna. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.









**MICHELLE RODRIGUEZ ER 32 ÁRA.**

*„Uppáhaldshluti líkama míns er heilinn. Ég hugsa, alveg sama hvernig líkami minn lítur út. Ég verð ekki sátt nema ég viti hvernig ég á að nota heilann.“*



***Michelle Rodriguez stundaði nám við viðskiptaskóla áður en hún hætti til að verða leikkona. Í fyrstu áheyrnarprufu sinni, fyrir myndina Girlfight, var hún ein 350 umsækjenda og hreppti aðalhlutverkið.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 12. JÚLÍ 1962**

## Rolling Stones kemur fyrst fram



Rolling Stones kom í fyrsta sinn fram á Marquee-klúbbnum í London fyrir 48 árum, 12. júlí 1962. Hópurinn samanstóð af Mick Jagger, Keith Richards, Brian Jones ásamt Ian Stewart á píanó, Dick Taylor á bassa og Tony Chapman á trommur.

Fyrrum auglýsingastjóri Bítlanna, Andrew Loog Oldham, hafði heyrt þá spila og varð umboðsmaður þeirra í apríl 1963. Oldham var nítján ára og yngri en allir hljómsveitarmeðlimirnir. Oldham skráði hljómsveitina hjá Decca Records.

Ætlun Oldhams var að lýsa meðlimum Rolling Stones sem illgjörnum andstæðum Bítlanna. Haft var eftir Oldham um Bítlana að þeir virtust vera: „Ekkert annað en dauðlegar verur, svitnandi í hljóðverum fyrir manninn.“

Hann stakk upp á fyrirsögnum eins og „Myndirðu leyfa dóttur þinni að giftast Rolling Stone?“ við móttækilega fjölmiðla.

Þá lét hann hljómsveitina sitja fyrir án þess að brosa á fyrstu bresku plötu þeirra.

**MERKISATBURÐIR**

**1636** Um 35 Íslendingar keyptir lausir úr Barbaríinu.

**1690** Orrustan við Boyne: mótmælendatrúar herir Vilhjálms II sigra kaþólska heri Jakobs II.

**1906** Dreyfus-málið: Alfred Dreyfus fær uppreisn æru rúmlega áratug eftir að hafa verið dæmdur sekur fyrir landráð.

**1932** Norskir hermenn leggja hluta Austur-Grænlands undir sig og kalla Eirik Raudes Land.

**1975** Saó Tóme og Prinsípe fá sjálfstæði frá Portúgal.

**1979** Kíribatí fær sjálfstæði frá Bretlandi.

AFMÆLI



**BILL COSBY** leikari er 73 ára.



**REBEKKA A. INGIMUNDARDÓTTIR** leikkona og leikmyndahönnuður er 43 ára.



**TOPHER GRACE** leikari er 32 ára.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Valur Norðfjörð Gunnlaugsson**

Kögurseli 42, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn þann 6. júlí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 14. júlí kl. 13.00.

**Sigurbjörg Hoffritz**
**Hinrik Norðfjörð Valsson og Daníela Björgvinsdóttir**
**Gunnlaugur Örn Valsson og Vilborg Nåbye**
**Rut Valsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar*

**Svandís Ásmundsdóttir**

Hvassaleiti 58, Reykjavík

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 5. júlí. Útför hennar verður gerð frá Grensáskirkju miðvikudaginn 14. júlí kl. 15.

**Hera Hjálmarsdóttir**
**Martha Á. Hjálmarsdóttir** **Þorsteinn A. Jónsson**
**Jakob Ágúst Hjálmarsson** **Auður Daníelsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**KYNNTIST HÁTÍÐINNI UNGUR** Sigurður segir tvö hundruð tónverk hafa verið frumflutt á Sumartónleikum. MYND/ÚR EINKASAFNI

SUMARTÓNLEIKAR Í SKÁLHOLTSKIRKJU: FYRSTU TÓNLEIKARNIR FYRIR 35 ÁRUM

# Svolítið ævintýraleg hugmynd

Fyrstu tónleikarnir á tónlistarhátíðinni Sumartónleikar í Skálholtskirkju fóru fram 12. júlí árið 1975. Stofnandi Sumartónleikanna, Helga Ingólfsdóttir semballeikari, lék á fyrstu tónleikunum ásamt nemanda sínum, Elínu Guðmundsdóttur.

„Fyrsta sumarið voru þær og Manuela Wiesler með tónleika og fyrstu árin voru oftast bara þær Helga og Manuela allt sumarið. Svo fóru að koma fleiri með,“ segir Sigurður Halldórsson, listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholtskirkju.

„Þetta var svolítið ævintýraleg hugmynd að láta sér detta í hug að stofna tónlistarhátíð hérna í Skálholti, þó að þetta sé helsti sögustaður Suðurlands,“ segir Sigurður. Skálholtskirkja var vígð á sjöunda áratugnum og eftir vígsluna kom Helga Ingólfsdóttir frá námi með sembalinn sinn. „Hún var alltaf að leita að húsi þar sem hann myndi hljóma vel og njóta sín, bæði sem einleikshljóðfæri og í samspili með öðrum hljóðfærum.“

Að sögn Sigurðar fékk Helga hugmyndina að stofnun hátíðarinnar á minningartónleikum um Róbert Abraham Ottósson sem haldnir voru í Skálholtskirkju. „Þá hafði Helga aldrei komið í kirkjuna en ákvað strax að þetta væri rétti staðurinn. Þannig að hún talaði við prestinn og fékk leyfi til að halda tónleika.“

Sigurður segir að fyrstu árin hafi fáir sótt tónleikana. „Það var bara slæðingur af fólki. Fyrst var presturinn og prestsfrúin og nokkrir vinir Helgu,“ útskýrir Sigurður en hann man sjálfur fyrstu hátíðirnar. „Foreldrar mínir, þau Halldór Vilhelmsson söngvari og Áslaug Ólafsdóttir, voru mjög virk á hátíðinni þannig að ég kynntist þessu sem strákur. Þau sungu bæði í Hljómeyki sem var einn af hópunum sem komu mjög oft fram hérna.“

Hátíðin styrkti sig þó í sessi og að tíu árum liðnum var hún orðin að þeim viðburði sem hún er í dag. „Eftir tíu ár byrjaði þetta að vera alvöru stórhátíð með meira umfangi. Árið 1986 urðu þáttaskil en þá var Bachsveitin stofnuð og hljóðfæri keypt fyrir hana til að flytja barokktónlist með gömlum hljóðfærum. Það var líka fyrsta stóra tónverkið pantað sem Jón Nordal samdi.“

En hefur hátíðin haft mikil áhrif á tónlistarlífið hér á landi? „Ég myndi segja að núna eftir 35 ár hafi hátíðin haft gífurleg áhrif á tónlistarlífið í landinu. Það er búið að frumflytja tvö hundruð íslensk tónverk hérna,“ segir Sigurður. „Þetta er líka eina hátíðin sem lengst af bauð fólki upp á að heyra barokktónlist með barokkhljóðfærum og það hefur verið eitt aðalsmerki hátíðarinnar líka. Mjög margir af þekktustu sérfræðingum á því sviði hafa komið hingað í gegnum árin.“

Upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.sumartonleikar.is.

**martaf@frettabladid.is**

# Einrúm sigraði

Úrslit hönnunarsamkeppni um nýtt hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð voru nýlega kynnt á Eskifirði þar sem heimilið mun rísa. Þetta er fyrsta heimilið sem er hannað frá grunni samkvæmt nýjum viðmiðum um skipulag hjúkrunarheimila og markar því tímamót.

Einrúm arkitektar hlutu fyrstu verðlaun en alls bárust 36 tillögur.

Heimilið er ætlað tuttugu íbúum og mun leysa af hólmi núverandi dvalar- og hjúkrunarheimili á Eskifirði. Húsið skiptist í þrjár einingar, hver um sig er skipulögð sem heimili þeirra sem þar búa og ein sérstaklega ætluð fólki með heilabilun.

Áætlað er að bygging hússins verði boðin út fyrri hluta næsta árs og að það verði tekið í notkun vorið 2013. **- gun**



**ESKIFJÖRÐUR** Áætlað er að taka nýja hjúkrunarheimilið í notkun vorið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000






# Háspenna lífshætta

BAKÞANKAR Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Lyfjalaus lífsstíll hefur þótt svolítið smart undanfarin misseri. Þerapistar setja upp áhyggjuhrukkuna þegar fólk segist taka lyf þróuð til margra ára á rannsóknarstofum. Nágrannakonan lýsir því stolt yfir að hún gefi ekki börnunum sínum magnil eftir að hún las það í tímariti. Mörg hundruð ára rannsóknir læknavísindanna mega sín lítils gagnvart hveitilausum lífsstíl. Langskólagengnir læknar, fræði og vísindi geta verið úti.



**LYF** eru ekki gallalaus og stundum eru þau misnotuð. Oftast bæta þau þó heilsufar, bjarga mannslífum og gera lífið betra fyrir fólk með langvinna, ólæknandi sjúkdóma. Fólk sem þarf að taka lyf, þá sérstaklega geðlyf, lendir þó oftar en ekki í ó-um og æ-um – „svo rosaleg þessi lyf.“ Fárveikir einstaklingar, sem gætu átt góða von um bata með hjálp lyfja tvístíga oft lengi, verða jafnvel veikari og veikari, áður en læðst er í skjóli myrkurs til geðlæknis. Fordómar í garð geðsjúkdóma eru auðvitað gömul saga og ný. Að veikt fólk reyni að bæta líf sitt með því að leita lyflækninga við þeim, er um leið næstum tabú. Og er ekki síst að finna meðal þeirra sem telja sig svo víðsýna og opna fyrir nýjum hlutum.

**MÉR** eru eftirminnilegir heimildarþættir breska leikarans Stephen Fry um geðhvörf. Þar ræddi hann við sjúklinga sem notuðu lyf við sínum sjúkdómi og svo hina sem eru svo háðir maníunni sem fylgir geðhvörfum að þeir geta ekki hugsað sér lífið án hennar. Einn af hverjum fjórum sem greindir eru með geðhvörf og taka ekki lyf endar á því að taka eigið líf í niðurtúrum sem koma í kjölfar hápunktanna. Stephen sjálfur tekur ekki lyf, hann einfaldlega elskar ástandið og er reiðubúinn til að taka áhættuna sem þeirri ákvörðun fylgir.

**Í LOK** þáttarins leið mér svolítið eins og ég hefði verið að horfa á þátt um eiturlyfjaneytanda. Sem veit að kókaínið mun kannski drepa hann einn daginn – en tekur þá áhættu því fíknin er svo dýrleg. Eftir meira en klukkutíma fræðslu um geðhvörf, bi-polar sjúkdóm, og oflætishlið sjúkdómsins sem er skemmtileg meðan hún stendur, en hættuleg og því ekki eftirsóknarverð, sagði Stephen Fry að hann vildi samt ekki fórna henni með því að taka lyf. Fólk kýs sjálft hvernig það meðhöndlar sjúkdóma sína, en hrifningin sem þessi þáttur vakti, var umhugsunarefni. Er lyfjalaust líf orðið svo frábært að við dáumst jafnvel að þeim sem leggja sig í lífshættu?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Keyrði inn um glugga



**HANDTEKINN** Söngvarinn keyrði bifreið sína inn um glugga á búð um helgina og var handtekinn af lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Söngvarinn George Michael var handtekinn í London um helgina fyrir að keyra bíl sinn inn í ljósmyndabúð. Kappinn var á leið heim frá hátíðarhöldum í tengslum við Gay Parade í London og mun hafa ekið Range Rover-bifreið sinni beint inn um glugga búðarinnar sem er í sömu götu og hann býr. Mun söngvarinn hafa litið taugaveiklaður út þegar hann steig út úr bílnum að sögn vitna á svæðinu.

Michael var handtekinn af lögreglunni, sem grunaði hann um að hafa ekið undir áhrifum en honum var sleppt síðar um nóttina. Var honum gert skylt að mæta fyrir rétt síðar í mánuðinum.



**STÓRREYKINGAKONA** Lindsay Lohan þarf að sigrast á sígarettufíkninni í kvennafangelsinu. Hún reykir að minnsta kosti tvo pakka á dag.

# Þarf að sigrast á nikótínfíkninni

**Leikkonan Lindsay Lohan þarf að sigrast á sígarettufíkninni þegar hún verður lokuð inni í kvennafangelsi síðar í mánuðinum. Vinir hennar óttast mjög um hana.**

Vinir leikkonunnar ógæfusömu, Lindsay Lohan, óttast að hún muni eiga erfiðast með að sigrast á nikótínfíkninni þegar hún verður fangelsuð fyrir að brjóta skilorðsbundinn dóm sinn.

Lohan, sem er nýorðin 24 ára, þarf að dúsa í allt að nítíu daga á bak við lás og slá eftir að hafa brotið skilorð sitt tvívegis. Hún mun dvelja í kvennafangelsi, þar sem stranglega er bannað að reykja. Náinn vinur Lohan segir að hún sé keðjureykingakona sem reyki að minnsta kosti tvo pakka á dag. Þess vegna gæti hún lent í miklum erfiðleikum með að hætta skyndilega að reykja. „Það fyrsta sem hún gerir á hverjum degi er að kveikja sér í sígarettu,“ sagði vinurinn. „Ég er satt best að segja mjög hræddur um Lindsay. Ég held að hún hafi ekki farið í gegnum heilan dag án sígarettu í mörg ár. Þetta er ekki eitthvað sem hún getur hætt einn, tveir og þrír. Þetta er alvarlegt vandamál.“

Lohan, sem hefur afplánun sína í Lynwood-fangelsinu í Los Angeles 20. júlí, hefur átt við vímuefnavanda að stríða undanfarin ár. Fyrir þremur árum var hún dæmd fyrir að aka undir áhrifum og þurfti hún að ganga um með ól um ökklann sem fylgdist með mögulegri áfengisneyslu hennar. „Ég er enn þá ung og er að læra en það þýðir ekki að allt sé satt sem fjölmiðlarnir segja um mig,“ sagði leikkonan í viðtali í síðasta mánuði.

# Celine Dion gengur með tvíburastráka



**GENGUR MEÐ TVÍBURASYNI** Hjónin eru spennt fyrir fæðingu sona sinna, en söngkonan á von á sér í nóvember.

Söngkonan Celine Dion hefur tilkynnt að tvíburarnir sem hún og eiginmaður hennar, René Angelil, eiga von á séu strákar. Celine á von á tvíburunum í nóvember á þessu ári.

„Celine tilkynnti fjölgun í Angelil-Dion fjölskyldunni í maí á þessu ári. Nú hefur hún tilkynnt að hún á von á tvíburastrákum. Hamingjuóskir til hamingjusömu fjölskyldunnar!“ segir söngkonan í tilkynningu sinni.

Fyrir eiga hjónin René-Charles Dion Angélil sem fæddur er 2001. Tilkynnt var í ágúst árið 2009 að söngkonan ætti von á öðru barni sínu í nóvember sama ár en þremur mánuðum síðar missti hún fóstrið.






NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KNIGHT AND DAY LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 -10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS | kl. 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 P | 12 |
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50 og 8 | 10 |
| A - TEAM | 10.10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | VIP |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3:20 - 6 - 9:20 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3-3D ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

# Kennir upprennandi DJ-um

Plötusnúðurinn Guðni Einarsson, eða DJ Impulze, stendur fyrir sérstökum plötusnúðanámskeiðum þar sem hann kennir upprennandi plötusnúðum á öll helstu tónlistarforritin sem notuð eru í dag. Námskeiðin vinnur hann í samstarfi við Hljóðfærahúsið og Tónabúðina.

„Mér fannst vanta námskeið sem þetta fyrir þá sem hafa áhuga á DJ-mennsku og ákvað í kjölfarið að halda slíkt námskeið í samstarfi við Hljóðfærahúsið," segir Guðni sem hefur sjálfur starfað sem plötusnúður í mörg ár. Námskeiðin eru bæði fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í skífuþeytingum og þá sem eru lengra komnir.

„Það eru bæði strákar og stelpur sem sækja námskeiðin og það kom mér eiginlega á óvart hversu margar stelpur hafa sýnt þessu áhuga. Þátttakendurnir eru frá þrettán ára aldri og alveg upp í þrítugt þannig að margir eru enn of ungir til að spila á skemmtistöðum, en þetta eru allt mjög efnilegir plötusnúðar og það vantar ekki eldmóðinn."

Aðspurður segir Guðni aðeins pláss fyrir þrjá til fjóra upprennandi plötusnúða á hverju námskeiði því þannig fái hver nemandi nægan tíma fyrir sig.

Áhugasamir geta skráð sig á námskeiðið í gegnum vefsíðuna www.rvkunderground.com. **- sm**



**MIÐLAR ÞEKKINGU** Guðni Einarsson plötusnúður heldur sérstakt plötusnúðanámskeið fyrir unga og aldna plötusnúða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Málverk í íslenskum hellum

**Írski listamaðurinn Philip Gray var staddur hér á landi á dögunum þar sem hann málaði myndir á hinum ýmsu stöðum. Landmannalaugar, Hekla og Silfra á Þingvöllum voru á meðal viðkomustaða.**



**MEÐ MYNDIRNAR SÍNAR** Philip Gray með þrjár myndir sem hann málaði meðan á vikudvöl hans á Íslandi stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Philip Gray er fyrrum kafari í írska sjóhernum. Þetta er glaðbeittur náungi á miðjum aldri og hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu. Hann er þekktur í Bretlandi og víðar fyrir að mála undir afar óvenjulegum kringumstæðum, til dæmis í kafi innan um hákarla og á Mount Everest, hæsta fjalli veraldar. Hann ákvað að koma til Íslands eftir að eldgosið í Eyjafjallajökli vakti athygli heimsbyggðarinnar og sér ekki eftir því.

Yfirskrift málverkanna sem hann málaði hér á landi er What Lies Beneath, eða Það sem liggur undir yfirborðinu. „Hugmyndin er að nota orkuna í náttúrunni og yfirfæra hana á okkar eigið líf. Innra með okkur býr mikil orka og ástríða og stundum þarf fólk að fá tækifæri til að gjósa og sleppa fram af sér beislinu," segir Gray.

Í vikulangri heimsókn sinni til Íslands, sem fyrirtækið Arctic Adventures skipulagði, skoðaði Gray hellana Leiðarenda og Búra, auk þess sem hann fór í Landmannalaugar, upp á Heklu og kafaði í Silfru á Þingvöllum. Á öllum þessum stöðum málaði Gray myndir sem hann ætlar að selja í Bretlandi. Hann reiknar með að um þrjú hundruð málverk verði í boði frá heimsókninni til Íslands hjá um það bil sextíu galleríum.

Minnstu málverkin hans kosta um 700 pund og þau stærstu um 1.400 pund, eða yfir 250 þúsund krónur, og almennt seljast verkin hans mjög vel. Gray tekur einnig myndbönd af heimsóknum sínum til allra heimshorna og hefur breska ríkisútvarpið, BBC, meðal annars falast eftir því að búa til þáttaröð með honum. Ekki hefur verið ákveðið hvort af henni verður.

Eins og áður segir hefur Gray málað neðansjávar innan um hákarla en hann segir það ekkert tiltökumál. Hann viðurkennir þó að hættan sé til staðar. „Ég hef verið ansi nálægt tígrisháktörlum og þeir geta verið óútreiknanlegir. En þeir eru alltaf vel mataðir, þannig að maður getur kafað frekar nálægt þeim. Tveimur vikum áður en ég kafaði innan um tígrishákarlana var kálfinn bitinn af einni konu sem var þar. Þetta á að vera öruggt umhverfi en maður veit aldrei."

Tvær ferðir til viðbótar eru fyrirhugaðar hjá Gray á þessu ári. Fyrst flýgur hann til Kalkútta á Indlandi þar sem hann málar mynd til styrktar góðgerðarsamtökunum Hope Foundation. Eftir það fer hann í grunnbúðirnar á Mount Everest í annað sinn ásamt hópi þekktra Íra. Þar ætlar hann að kenna þeim að mála og verða verkin síðan boðin upp til styrktar sömu góðgerðarsamtökum. Gray á þó enn eftir að mála á toppi Everest. „Þetta er góð æfing en ef ég fengi eina ósk uppfyllta væri það að fara upp á tindinn og hafa nægan tíma til að mála þar málverk. Ég yrði fyrsti listamaðurinn til að mála á tindinum og það yrði hreint út sagt stórkostlegt."

**freyr@frettabladid.is**

# Hvílir sig á kvikmyndunum

Leikkonan Drew Barrymore ætlar að taka sér hlé frá kvikmyndabransanum og íhuga sinn gang í lífinu. Hún hefur unnið látlaust undanfarin þrjú ár, leikstýrt sinni fyrstu mynd Whip It! og leikið í myndum á borð við Grey Gardens og He´s Just Not that into You. Núna er hún orðin dauðþreytt og vill taka sér hlé til að ná áttum í lífinu og íhuga næstu skref.

„Ég hef brennt kertið í báða enda í þrjú ár samfleytt og frá því í desember í fyrra gat ég ekki gefið neitt af mér lengur," sagði Barrymore, sem er 35 ára. „Ég hef verið harðákveðin í að lifa lífinu til fullnustu og tekið þátt í alls konar verkefnum en núna þarf ég á hvíld að halda," sagði hún. „Núna hugsa ég um sömu hluti og þegar ég var 15 ára, eins og andleg málefni, hver ég er og hvað mig langar að verða."



**DREW BARRYMORE** Leikkonan ætlar að taka sér hlé frá kvikmyndabransanum og íhuga sinn gang í lífinu.

Barrymore hefur verið orðuð við marga menn undanfarin ár en frá árinu 2007 hefur hún verið að hitta leikarann Justin Long. Hún lítur enn þá á sig sem einhleypa konu og er ánægð með að vera ekki búin að gifta sig. „Ég er 35 ára og einhleyp ef þú vilt það. Það er ekkert mál. Ég vil ekki festa mig með rangri manneskju."

# Vill ekki breytast

Tónlistarmanninum Sting er alveg sama þótt sumum finnist hann falskur og pirrandi vegna þess að fáir vita hver hans raunverulegi persónuleiki er. Sting hefur verið duglegur að koma skoðunum sínum á framfæri í gegnum árin. Hann hefur barist fyrir mannréttindum, gegn eyðingu regnskóganna og reynt að fá maríjúana-eiturlyfið lögleitt. Hann veit að sumt fólk getur orðið þreytt á honum en hann hefur ekki í hyggju að breyta um stíl.



**STING**

„Ég þarf ekki á því að halda að allir elski mig, bara alls ekki," sagði Sting. „Sumu fólki finnst ég alltaf vera að þykjast en það þekkir mig ekki í raun og veru. Ég reyni ekki að verja mig sérstaklega mikið. Ég segi frekar: „Ekkert mál. Trúðu bara því sem þú vilt trúa." Ég held síðan áfram að lifa lífi mínu."

# Bjarga hjónabandinu

**Leikkonan Kate Winslet og leikstjórinn Sam Mendes ætla að reyna að bjarga hjónabandi sínu með því að fara saman í rómantískt sumarfrí. Þau komust í fréttirnar í mars þegar þau tilkynntu að sjö ára hjónaband þeirra væri á enda runnið. Skilnaðurinn virtist vera á vingjarnlegu nótunum og sáust þau skömmu síðar eyða tíma saman með börnunum sínum tveimur. Winslet og Mendes ætla nú að dvelja saman í sumarhúsi á Englandi ásamt börnunum í von um að neistinn kvikni á ný. Tímasetningin hentar vel því Mendes er ekki að leikstýra neinni mynd um þessar mundir og Winslet er einnig í stuttri pásu frá kvikmyndaleik.**



KATE WINSLET



**DEILUR** Jude Law og Sadie Frost ásamt börnunum. Þau hafa deilt hart vegna væntanlegrar bókar hennar Crazy Days.

# Kaflar teknir úr nýrri bók

**Breski leikarinn Jude Law hefur unnið mál sem hann höfðaði gegn Sadie Frost, fyrrverandi eiginkonu sinni. Law var afar ósáttur við væntanlega bók Frost, Crazy Days. Krafðist hann þess að hún fjarlægði ljósmyndir af börnunum þeirra og tæki út texta sem fjallaði á opinskáan hátt um stormasamt hjónaband þeirra. Samkvæmt kunningja leikarans verða meðal annars teknir út kaflar sem fjölluðu um eiturlyfjanotkun hjónanna fyrrverandi og svokölluð makaskipti. Bókin er væntanleg á markað 4. september þar sem þessir safaríku kaflar verða fjarri góðu gamni.**




# Fleiri upptökur með Gibson á leiðinni

Tveggja mínútna upptakan þar sem Mel Gibson hefur uppi kynþáttahatur og kallar fyrrverandi kærustuna sína „hóru“ er líklega ekki sú eina sem almenningur á eftir að heyra frá leikaranum.

Samkvæmt heimasíðunni Radaronline.com, sem setti í loftið fyrstu upptökuna á föstudaginn, eru fleiri upptökur á leiðinni. Fram til föstudagsins hafði heimasíðan birt texta sem var unnin úr upptökunni en núna hefur upptakan sjálf farið í loftið í fyrsta sinn. Þar kallar Gibson fyrrum kærustu sína, rússnesku söngkonuna Oksönu Grigorievu, öllum illum nöfnum. Hann setur út á klæðaburð hennar og segir að það yrði henni að kenna ef henni yrði nauðgað.

Stuttu eftir að upptakan fór í loftið var tilkynnt að umboðsskrifstofa Gibsons hefði látið hann flakka. Samkvæmt David Perel, stofnanda Radaronline, hefur starfsfólk síðunnar heyrt stóran hluta af þriátíu mínútna upptöku sem Grigorieva hafði í sínum fórum. Perel segir líklegt að afgangurinn verði birtur á næstu dögum. Rússneska söngkonan er sögð hafa tekið efnið upp af ótta við að Gibson myndi meiða hana.

Lögreglan í Los Angeles rannsakar nú hvort Gibson hafi beitt hana ofbeldi. Rannsóknin gæti tekið nokkrar vikur. Eftir það verður ákveðið hvort leikarinn verður ákærður.



**Í SLÆMUM MÁLUM** Leikarinn Mel Gibson er í slæmum málum um þessar mundir eftir að upptaka fyrrum kærustu hans var gerð opinber.



## > Síðasti leikurinn gegn Noregi

Ísland spilar fimm leiki í riðlakeppni heimsmeistaramótsins í handbolta í janúar á næsta ári. Fyrstu tveir leikirnir eru í Norköpping en seinni fjórir í Linköping. Ísland byrjar á leik gegn Ungverjum sem gætu reynst snúnir andstæðingar þrátt fyrir að vera lakari aðilinn fyrirfram. Þá koma tveir leikir gegn enn lakari þjóðum, fyrst Brasilíu og svo Japan. Þá kemur að leik gegn Austurríki þar sem Ísland á harma að hefna frá því í jafnteflisleiknum á EM fyrr á þessu ári. Síðasti leikurinn er svo gegn Norðmönnum sem er lykilleikur þar sem allar líkur eru á að bæði liðin komist í milliriðilinn. Þangað taka liðin með sér stig og því er gríðarlega mikilvægt að vinna Norðmenn í lokaleiknum.



sport
sport@frettabladid.is

EJUB PURISEVIC ÞJÁLFARI VÍKINGS Í ÓLAFSVÍK: VONAST EFTIR GÓÐU VEÐRI OG MÖRGUM ÁHORFENDUM

# *Stór dagur fyrir ungu strákana í Ólafsvík*

„Ef við náum að komast yfir þá lofa ég hörkuleik," segir Ejub Purisevic, þjálfari Víkings í Ólafsvík sem etur kappi við Stjörnuna í átta liða úrslitum VISA-bikarsins í kvöld. Leikurinn fer fram í Ólafsvík og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport.

„Við erum komnir mjög langt í þessari keppni miðað við 2. deildarlið og ætlum bara að njóta þessa leiks eins og við getum. Vonandi verður veðrið gott og mikið af áhorfendum," segir Ejub en hans menn hafa ekki tapað leik í langan tíma og tróna á toppi 2. deildarinnar.

„Auðvitað munum við reyna eins og við getum að vinna þennan leik, þannig hugsa allir íþróttamenn. Það er einhver spenna í hópnum en hún er vonandi ekki of mikil. Það er mikilvægt að við náum að byrja leikinn vel. Stjörnumenn hafa átt tvo slæma leiki og spurning hvernig þeir mæta til leiks."

Ejub segir mikilvægt fyrir Ólafsvíkinga að loka á hraðar sóknir Stjörnunnar. „Þeir hafa mjög góða einstaklinga sem geta klárað leiki upp á eigin spýtur. Skyndisóknirnar eru hættulegar. Það einkennir lið sem Bjarni Jóhannsson þjálfar að vera þétt varnarlega. Þetta verður erfitt verkefni," segir Ejub.



Víkingsliðið hefur nokkra mjög efnilega leikmenn sem eru á óskalista úrvalsdeildarliða. Brynjar Gauti Guðjónsson, Brynjar Kristmundsson og Þorsteinn Már Ragnarsson eru strákar sem fá að láta ljós sitt skína í kvöld.

„Við höfum tvo til þrjá leikmenn sem eru mjög eftirsóttir. Þetta er stór dagur fyrir þá. Ég tel að þessir strákar muni spila í úrvalsdeildinni í framtíðinni og mun ekki hindra þá í því."

Ejub þekkir hvern krók og kima í Ólafsvík enda stýrt liðinu í mörg ár. Hann var þó ekki með liðið í fyrra þegar það féll úr 1. deildinni. „Það var erfitt að horfa upp á það sem gerðist í fyrra. Margir fóru og við höfum þurft að byggja upp nánast nýtt lið. Ungu strákarnir hafa stigið vel upp og svo höfum við fengið mjög sterka erlenda leikmenn. Við höfum náð að byggja upp mjög sterkt lið á skömmum tíma," segir Ejub.



**FLOTTUR** Mark Webber fagnar sigrinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Formúla 1 í gær:

## Webber fyrstur

**FORMÚLAN** Ástralinn Mark Webber hjá Red Bull kom fyrstur í mark á Silverstone-brautinni í gær. Sigur hans var verulega öruggur en hann var með forystuna eftir fyrsta hring og var aldrei líklegur til að láta hana af hendi.Þetta var þriðji sigur Webbers á árinu og hans fimmti á ferlinum. Lewis Hamilton endaði í öðru sæti í gær en hann er efstur í heildarstigakeppninni. Þar er Jenson Button annar en Webber komst upp fyrir Vettel í þriðja sætið. **- egm**



**VIÐ BOTNINN** Dean Martin og lærisveinar hans eru við botn 1. deildarinnar. Myndin er úr leiknum gegn Víking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

1. deild karla í knattspyrnu:

## Níu mörk í sigri Þórs á Akureyri

**FÓTBOLTI** Þór frá Akureyri er ásamt Leikni og Víkingi í harðri baráttu á toppi 1. deilda karla í knattspyrnu. Þórsarar unnu HK í níu marka leik á Akureyri, 6-3.

Liðið er því í þriðja sætinu, rétt á eftir toppliðum Víkings og Leiknis. Breiðhyltingar lögðu Fjarðabyggð 1-0 í grenjandi rigningu á laugardaginn. „Við njótum þess að sigra hvern einasta leik og eins og einhver sagði inni í klefa, þá er þetta skemmtilegur kækur. Ég er að reyna að troða því inn í hausinn á strákunum að þetta er besti kækurinn til að fá," sagði Sigursteinn Gíslason, þjálfari Leiknis um sigurinn. **- hþh**

### 1. DEILD KARLA

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Víkingur** | **10** | **7** | **1** | **2** | **18-9** | **22** |
| Leiknir R. | 10 | 7 | 1 | 2 | 16-7 | 22 |
| **Þór Ak.** | **10** | **6** | **3** | **1** | **24-12** | **21** |
| ÍR | 11 | 5 | 4 | 2 | 16-17 | 19 |
| **Fjölnir** | **10** | **4** | **3** | **3** | **17-12** | **15** |
| ÍA | 10 | 3 | 3 | 4 | 15-15 | 12 |
| **HK** | **10** | **3** | **3** | **4** | **14-18** | **12** |
| Þróttur R. | 11 | 3 | 2 | 6 | 14-19 | 11 |
| **Njarðvík** | **10** | **3** | **2** | **5** | **8-13** | **11** |
| Fjarðabyggð | 10 | 3 | 1 | 6 | 12-18 | 10 |
| **KA** | **10** | **2** | **3** | **5** | **11-18** | **9** |
| Grótta | 10 | 1 | 2 | 7 | 12-19 | 5 |

# Fimmtán Íslandsmeistaratitlar ÍR

**ÍR vann stórsigur á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum um helgina. Félagið átti fimmtán Íslandsmeistara í 37 greinum. Góð aðstaða er að skila sér í betri árangri og fjöldi EM-fara hefur ekki verið meiri í 60 ár.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Úrhellis rigning á laugardaginn setti strik í reikninginn á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum í Laugardalnum. Hún stríddi keppendum í nokkrum greinum en þó var mótið vel heppnað og fín tilþrif sáust.

Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambands Íslands segir að mikil og spennandi keppni hafi verið í mörgum greinum og að bætt aðstaða innanhúss sé að skila sér. Það á bæði við fleiri keppendur og betri árangur.

„Það vantaði svolítið af okkar besta fólki. Ásdís Hjálmsdóttir er úti að keppa og Björgvin Víkingsson er við æfingar í Sviss þar sem hann er búsettur. Helga Margrét Þorsteinsdóttir gat ekki keppt vegna matareitrunar á laugardaginn en það segir sitt um hana að hún mætti seinni daginn og vann kúluvarpskeppnina," sagði Jónas.

Að hans mati vann Þorsteinn Ingvason besta árangurinn í karlaflokki. „Hann stökk 7,62 metra í langstökkinu og var aðeins tveim sentimetrum frá því að jafna mótsmet Jóns Arnars Magnússonar, þrátt fyrir erfiðar aðstæður," sagði Jónas.

Kristín Birna Ólafsdóttir vann besta árangurinn í kvennaflokki. „Hún sýndi hvað í henni býr núna og vann bæði 110 metra og 400 metra grindahlaupin. Hún fékk ekki nógu mikla keppni í 400 metra hlaupinu en hún er á réttri leið," sagði Jónas sem vildi sjá betri árangur í kúluvarpskeppninni. „En stundum er þetta svona, vogun vinnur vogun tapar."

Ásdís, Björgvin, Þorsteinn, Helga Margrét og Kristín eru öll á leiðinni á Evrópumótið sem fer fram í Barcelona seinna í júlí. Auk þeirra náðu lágmarki þeir Bergur Ingi Pétursson sem varð Íslandsmeistari í sleggjukasti og Óðinn Björn Þorsteinsson sem varð



**EINBEITING** FH-ingurinn Ásgeir Bjarnason varpar kúlunni í gær. Hann varð annar en besta kastið hans var upp á 15,38 metra. Samherji hans í FH, Óðinn Björn Þorsteinsson varð meistari með kasti sem flaug 17,59 metra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandsmeistari í kúluvarpi. „Bergur er að ná sér af meiðslum og er að komast á skrið. Hann er í kapphlaupi við tímann fyrir EM. Óðinn hefur ekki sýnt nægilegan stöðugleika en það er bara fínpússningaratriði," sagði Jónas.

Að hans mati er stórbætt aðstaða að skila sér núna. „Sú kynslóð sem er að alast upp inni í þessari aðstöðu er núna að koma að blómstra. Fjöldi iðkenda er líka á uppleið og það var mjög góð þátttaka á mótinu núna," sagði framkvæmdastjórinn.

Sjömenningarnir sem náðu lágmarki fyrir EM er mesti fjöldi sem nær lágmarki síðan 1950 þegar níu Íslendingar kepptu. „Framtíðin er björt, þetta er mikið af ungu fólki og þá erum við líka að senda þrjár stelpur á HM U19 ára í Kanada þar sem Helga Margrét á góða möguleika á að komast á verðlaunapall," sagði Jónas. **hjalti@frettabladid.is**



**TUNGAN ÚTI** Heimir Þórisson, ÍR-ingur, stekkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Úrslitin á mótinu:

**Heildar stigakeppni:**

| | |
|---|---|
| ÍR | 38.999 stig |
| FH | 21.008 stig |
| Breiðablik | 13.568 stig |

**Kvennaflokkur:**

| | |
|---|---|
| ÍR | 24260 stig |
| FH | 5895 stig |
| HSK/UMF.Selfoss | 5499 stig |

**Karlaflokkur:**

| | |
|---|---|
| FH | 15.113 stig |
| ÍR | 14.739 stig |
| Breiðablik | 9552 stig |

**Fjöldi Íslandsmeistara:**

| | |
|---|---|
| ÍR | 15 |
| Breiðablik | 7 |
| FH | 7 |
| Ármann | 2 |
| Fjölnir | 1 |
| HSK/UMF.Selfoss | 1 |
| HSÞ | 1 |
| UFA | 1 |
| UMSS | 1 |
| USÚ | 1 |

Víkingur komst í toppsæti 1. deildar karla með öruggum sigri á KA:

# Víkingar róa allir í sömu átt

**FÓTBOLTI** „Það eru núna komnir fjórir sigurleikir í röð í deildinni sem er jákvætt. Það er mjög mikilvægt að halda haus," sagði Helgi Sigurðsson sem skoraði bæði mörk Víkings í 2-0 sigri á KA í 1. deildinni í gær. Víkingur deilir þar með efsta sætinu með Leikni.

„Við áttum ekki okkar besta leik í dag en höldum hreinu og skorum tvö, það dugir. Við þurfum að hafa fyrir hlutunum í hverjum einasta leik og þetta var mjög erfiður leikur. Við mættum illa undirbúnir til leiks að því leyti að við vorum ekki með langtímum saman í fyrri hálfleik," sagði Helgi.

Staðan var markalaus í leikhléi eftir tíðindalítinn fyrri hálfleik. Bæði lið fengu þó góð færi til að skora, Hallgrímur Mar Steingrímsson fór illa með mjög gott færi KA og hinu megin varði Sandor Matus glæsilega frá Jakobi Spangsberg.

Víkingar komu mun öflugri til leiks í seinni hálfleiknum. „Við rifum okkur upp í hálfleik og komum vel stemmdir í seinni hálfleikinn og kláruðum þetta á fyrsta korterinu. Svo var bara að sigla þessu í höfn. Sjálfstraustið er mikið í liðinu og við vitum hvert á að stefna og allir róa í sömu átt."

„Þetta verður líka allt miklu léttara þegar við höldum hreinu eins og við höfum verið að gera í síðustu leikjum. Þetta lítur vel út en við megum ekki gleyma okkur, það eru tveir leikir í viðbót í þessari viku og við tölum saman eftir þá um hvar við stöndum. En það hefur ekkert breyst, við ætlum okkur upp."

Helgi hefur skorað fimm mörk fyrir Víking í sumar en mörkin tvö í gær voru hans fyrstu úr opnum leik, hin þrjú gerði hann úr vítaspyrnum. „Ég hef ekki haft neinar áhyggjur af þessu. Ég sagðist ætla að skora tveggja stafa tölu í sumar og ég reyni að standa við það. Það er sama hvernig mörkin koma. Það þarf líka að skora úr vítunum. Við höfum séð það í heimsmeistarakeppninni að menn hafa verið duglegir að klikka á þessu. En ég reyni bara að skora þegar ég fæ færi," sagði Helgi. „Ég er hérna til að hjálpa liðinu að komast upp og koma með sigurvilja í þetta." **- egm**



**ÓLÍK STAÐA** Víkingar komust upp í efsta sæti deildarinnar með sigrinum en KA-menn eru í harðri baráttu í kjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Coca-Cola
FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!




**HETJA** Andrés Iniesta fagnar sigurmarkinu sínu í gær. Hann er þegar orðin þjóðhetja á Spáni. NORDICPHOTOS/AFP

# INIESTA SPÁNI GULLS ÍGILDI

**Andrés Iniesta kórónaði magnaða frammistöðu sína í úrslitaleik heimsmeistaramótsins með því að skora sigurmarkið í framlengingu. Spánverjar því heimsmeistarar í fyrsta sinn og eru vel að titlinum komnir. Þeir eru einnig handhafar Evrópumeistaratitilsins.**

Það ríkir mikil gleði á Spáni. Landslið þjóðarinnar sem var fyrir nokkrum árum frægt fyrir að standa aldrei undir væntingum á stórmótum er nú handhafi heimsmeistaratitilsins og er einnig Evrópumeistari. Liðið vann nauman 1-0 sigur á Hollandi í framlengdum úrslitaleik HM í gær.

Það er hreinlega ótrúlegt að mörkin hafi ekki verið fleiri í leiknum en bæði lið misnotuðu algjör dauðafæri. Hollendingurinn Arjen Robben svaf væntanlega illa í nótt en hann slapp tvívegis einn í gegn en fór illa að ráði sínu.

Cesc Fabregas og Carles Puyol fengu bestu færi Spánverja í hefðbundnum leiktíma en staðan markalaus eftir 90 mínútur og því þurfti að framlengja. Í framlengingunni var Spánn klárlega betra liðið.

Á 109. mínútu fékk John Heitinga sitt annað gula spjald og þar með rautt og Hollendingar luku því leiknum með tíu menn. Spánverjar náðu að nýta sér liðsmuninn og Andrés Iniesta, sem var magnaður í leiknum, náði að skora á 117. mínútu eftir sendingu frá Fabregas.

Hollendingar voru allt annað en sáttir en rétt fyrir markið hefðu þeir átt að fá hornspyrnu en dómari leiksins, Howard Webb frá Englandi, ákvað á einhvern óskiljanlegan hátt að dæma Spánverjum markspyrnu.

Hollendingar náðu ekki að skapa sér færi í blálokin og Spánverjar fögnuðu innilega þegar Webb flautaði af. Þeir eru heimsmeistarar í fyrsta sinn og eru svo sannarlega vel að þeim titli komnir enda með frábært fótboltalið.

Eftir leikinn var Iniesta klæddur í vesti sem á stóð „Daniel Jarque er alltaf með okkur," en Jarque var fyrirliði Espanyol þegar hann lést af völdum hjartaáfalls í fyrra, 26 ára að aldri. Tilfinningarnar báru Iniesta ofurliði eftir leikinn og hann átti í erfiðleikum með að koma upp orði.

„Þetta er ótrúlegt. Það eru ekki til orð yfir það hvernig mér líður núna. Þetta hefur verið ótrúleg vinna sem hefur heldur betur skilað sér. Eftir að hafa skorað hugsaði ég um fjölskyldu mína og allt það fólk sem mér þykir vænt um," sagði Iniesta sem tileinkaði mark sitt minningu Jarque.

Þetta er í fyrsta sinn sem Evrópuþjóð nær að vinna heimsmeistaramót utan Evrópu og þar að auki í fyrsta sinn sem lið nær að hampa titlinum eftir að hafa tapað sínum fyrsta leik á mótinu. Spánn vann alla leikina í útsláttarkeppni mótsins 1-0.

Hollendingar voru vel skipulagðir og áttu frábært mót en þetta féll ekki með þeim í gær. Þeir létu Spánverjana finna vel fyrir sér og voru í raun heppnir að komast í gegnum fyrri hálfleikinn í gær án þess að fá rautt spjald. Þessi harka gerði það þó að verkum að miðjumenn Spánverja náðu sér ekki nægilega vel á strik.

Eftir tíðindalítinn fyrri hálfleik opnaðist leikurinn meira í þeim síðari og bæði lið fengu dauðafæri sem ekki nýttust. Undir lokin var varnarleikur Hollands orðinn mjög ótraustur og Iniesta náði að tryggja Spáni sigurinn þegar allt stefndi í vítaspyrnukeppni.

Flottu heimsmeistaramóti er lokið og besta liðið vann.

elvargeir@frettabladid.is

## SIGUR SPÁNVERJA Í MYNDUM













Þjóðverjar tryggðu sér þriðja sætið og þar með bronsverðlaun annað heimsmeistaramótið í röð:

# Ekki hægt að vera ósáttur við bronsið

**FÓTBOLTI** Leikurinn um þriðja sætið var einn sá skemmtilegasti á mótinu. Það er gríðarlegur munur á því að fá bronsverðlaun og enda í fjórða sæti og því var feykinóg í húfi. Sumir bjuggust við því að Þjóðverjum væri alveg sama og vonbrigðin um að komast ekki í úrslitin væru þeim svo mikil en annað kom eðlilega á daginn.

Þjóðverjar byrjuðu leikinn vel og komust yfir þegar Thomas Müller skoraði. Úrúgvæ jafnaði þó fyrir hlé með góðu marki frá Edison Cavani.

Diego Forlán skoraði svo frábært mark og kom Úrúgvæ yfir en Marcell Jansen jafnaði með skalla eftir magnaða sendingu frá Jerome Boateng skömmu síðar.

Sami Khedira, sem var frábær á mótinu, kórónaði frammistöðu sína með því að tryggja Þjóðverjum bronsið með skalla skömmu fyrir leikslok.

Joachim Löw, landsliðsþjálfari Þýskalands, segir að ungt liðið hafi farið fram úr öllum væntingum sem gerðar voru til þess. „Okkur líður vel með að fara heim með bronsið. Það er ekki hægt að vera ósáttur með bronsverðlaun á HM,“ sagði þjálfarinn.

„Heilt yfir bjuggumst við aldrei við því að ná þessum árangri þegar við horfðum fram á HM fyrir nokkrum mánuðum. Við þurftum að kafa djúpt eftir sigrinum, en við sýndum andlegan styrk okkar að lokum. Við höfum enga ástæðu til að vera leiðir yfir árangrinum,“ sagði Löw.

Forlán skaut í þverslánna með síðasta skoti leiksins beint úr aukaspyrnu og leiknum lauk með því skoti. Angistin sást í andliti hans og annarra leikmanna sem voru nokkrum sentimetrum frá því að tryggja sér framlengingu. „Auðvitað er stórkostlegt að vera í fjórða sæti á HM og að hafa spilað til verðluna. Ef einhver hefði boðið okkur þetta fyrir mótið hefðuð við umsvifalaust sagt já. Það er þó eitthvað jákvætt,“ sagði Forlán og reyndi að vera bjartsýnn. **- hþh**



**BRONSINU FAGNAÐ** Þjóðverjar hópuðust saman til að fagna bronsinu á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**BESTUR** Forlán átti frábært heimsmeistaramót. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Diego Forlán:

## Valinn bestur í Suður-Afríku

**FÓTBOLTI** Úrúgvæski sóknarmaðurinn Diego Forlán fór hreinlega á kostum á heimsmeistaramótinu í Suður-Afríku. Frammistaða hans skilaði honum gullknettinum, hann var valinn besti leikmaður mótsins af fjölmiðlamönnum.

Forlan fékk 23,4 prósent atkvæða en Úrúgvæ endaði í fjórða sæti mótsins og Forlán skoraði fimm mörk á mótinu.

Hollenski leikstjórnandinn Wesley Sneijder var annar í kjörinu með 21,8 prósent atkvæða en David Villa hjá Spáni þriðji. **- egm**



**FRÁBÆR** Þjóðverjinn átti frábært mót í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Markakóngstitillinn á HM:

## Thomas Müller fær gullskóinn

**FÓTBOLTI** Þjóðverjinn Thomas Müller varð markakóngur HM. Hann skoraði jafn mörg mörk og Spánverjinn David Villa, Hollendingurinn Wesley Sneijder og Úrúgvæinn Diego Forlán. Müller fær þó gullskóinn þar sem hann sendi flestar stoðsendingar af þeim þremur, þrjár talsins.

Müller var svo kjörinn besti ungi leikmaður mótsins en hann er tvítugur að aldri og leikur með Bayern München. **- hþh**



## > Evangeline Lilly

„Ég var svo heppin að vera ein þeirra sem einhver kom auga á úti á götu. Ég neitaði fyrst að fara á umboðsskrifstofuna en á endanum lét ég undan. Einum og hálfum mánuði eftir fyrsta áheyrnarprófið fékk ég hlutverkið í Lost.“

***Sjónvarpsþátturinn Lost verður sýndur í Sjónvarpinu í kvöld klukkan 21.10. Evangeline Lilly fer með eitt aðalhlutverkanna.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON ER ÞEGAR FARINN AÐ VELTA FYRIR SÉR NÆSTA STÓRMÓTI

# *Það eru ekki nema tvö ár í EM*

Nú er mánaðarlöngu fótboltamaraþoni lokið á skjám landsmanna og fólk í sumarfríi getur hætt að hafa áhyggjur af því að vera komið upp úr sundlaugunum klukkan sex á blíðviðrisdögum eins og í gær. Fréttir færast aftur á hefðbundinn útsendingartíma og spekingarnir fjórir í HM-stofunni fá langþráð frí eins og við frá þeim.

Allt fer í fastar skorður eftir notalega upplausn síðustu vikna og pistlar sem þessir hverfa með öllu innan tíðar.

Í Ríkissjónvarpinu taka á móti okkur gamlir kunningjar og knúsa okkur og kjassa eins og ættingjar í Leifsstöð að lokinni sólarlandaferð; dýralífsefni frá Attenborough, misfyndnir gamanþættir úr Vesturheimi og harðsoðnar breskar morðgátur og hryðjuverkaógnir.



Sumir gráta hins vegar fótboltaveisluna. Þeir geta auðvitað huggað sig við það að íslenska deildin hefur sjaldan verið eins spennandi, enski boltinn siglir af stað eftir rétt rúman mánuð og aðrar evrópskar deildir í kjölfarið. Þangað til verður hægt að fylgjast með fréttum af félagaskiptum stórstjarna eins og í akkorði. Stelpurnar okkar eru auk þess í harðri baráttu um að komast á sitt HM.

Og svo er það næsta stórmót karla. Evrópumótið í fótbolta verður haldið í Póllandi og Úkraínu árið 2012. Búið er að skipta í tiltölulega jafna undanriðla og keppni í þeim hefst núna strax í ágúst. Það er því ekki seinna vænna að byrja að hlakka til og spara fyrir farinu til Austur-Evrópu í júní eftir tvö ár og bjórnum sem að vanda verður krafist í veðpottana.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00** Australia STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.40** CSI SKJÁR EINN



▶ **22.30** Lie To Me STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.40** How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ **20.45** Trúður SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Stiklur - Falin fegurð** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kínverskar krásir** (2:6)
**18.00 Pálína (44:56)**
**18.05 Herramenn (31:52)**
**18.15 Sammi (15:52)**
**18.23 Skúli skelfir (2:52)**
**18.35 Sonny fær tækifæri (2:5)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Tvíburar** (1:2) (Twins) Heimildamynd frá BBC í tveimur hlutum um eineggja tvíbura og hvað ráða má af lífsreynslu þeirra um það hvernig manneskjan verður eins og hún er.
**20.30 Dýralíf** (Animal Fillers)
▶**20.45 Trúður** (3:10) (Klovn IV) (e)
**21.10 Lífsháski** (Lost VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta.
**23.05 Leitandinn** (2:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýraþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.50 Framtíðarleiftur** (10:22) (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**00.30 Fréttir (e)**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.40 National Lampoon's Christmas Vacation**
**10.15 The Naked Gun**
**12.00 The Sandlot 3**
**14.00 National Lampoon's Christmas Vacation**
**16.00 The Naked Gun**
**18.00 The Sandlot 3**
▶**20.00 Australia**
**22.40 Showtime**
**00.15 Rob Roy**
**02.30 Crank**
**04.00 Showtime**
**06.00 The Kite Runner**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:12)
**10.50 Cold Case** (7:22)
**11.45 Falcon Crest II** (5:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (12:16)
**13.25 Recount**
**15.15 ET Weekend**
**15.55 Saddle Club**
**16.18 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Apaskólinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (10:24)
▶**19.40 How I Met Your Mother** (8:22)
**20.05 Glee** (19:22)
**20.55 So You Think You Can Dance** (6:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 11 bestu dansararnir eru eftir í keppninni.
**22.20 So You Think You Can Dance** (7:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
**23.05 Torchwood** (3:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.
**23.55 Cougar Town** (4:24)
**00.20 Thank You, Mr. President** Athyglisverð heimildarmynd um Helen Thomas, fyrrum fréttaritara Hvíta hússins.
**01.00 Bones** (21:22)
**01.45 Curb Your Enthusiasm** (10:10)
**02.20 Recount** Áhrifamikil mynd byggð á sönnum atburðum sem rekur atburðarrásina frá lokum kosningabaráttunnar til útnefningar forseta Bandaríkjanna árið 2000.
**04.10 Cold Case** (7:22)
**04.55 Glee** (19:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**16.45 John Deere Classic** Útsending frá John Deere Classic mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi. Til leiks mættu margir af snjöllustu kylfingum heims.
**19.45 Víkingur Ó - Stjarnan** Bein útsending frá leik Víkings Ólafsvíkur og Stjörnunnar í 8-liða úrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.
**22.00 Visa-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum kvöldsins í VISA bikar karla.
**22.45 Main Event. Day 7** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.35 Víkingur Ó - Stjarnan** Sýnt frá leik Víkings Ólafsvíkur og Stjörnunnar í 8-liða úrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.
**01.25 Visa-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum kvöldsins í VISA bikar karla.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 3. sæti** Útsending frá leiknum um 3. sætið á HM 2010.
**19.55 4 4 2** Leikir dagsins á HM krufnir til mergjar en þau Logi Bergmann og Ragna Loa Stefansdottir asamt góðum gestum og serfræðingum fara yfir leiki dagsins af sinni alkunnu snilld.
**20.40 Football Legends** Magnaðir þættir þar sem fjallað er um bestu knattspyrnumenn sögunnar og að þessu sinni verður fjallað um hinn brasilíska Zico.
**21.10 Platini** Í þessum þætti verður fjallað um Platini sem gerði garðinn frægan með Juventus og franska landsliðinu á árum áður.
**21.40 Úrslit** Sýnt frá úrslitaleiknum á HM 2010 í Suður Afríku.
**23.35 4 4 2** Leikir dagsins á HM krufnir til mergjar en þau Logi Bergmann og Ragna Loa Stefansdottir asamt góðum gestum og serfræðingum fara yfir leiki dagsins af sinni alkunnu snilld.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.15 Bass Fishing** (6:8) (e)
**16.00 Psych** (13:16) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Top Chef** (6:17) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (1:15)
**19.45 King of Queens** (5:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 90210** (20:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
**20.55 Three Rivers** (6:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.
▶**21.40 CSI** (20:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.15 Law & Order: UK** (10:13) (e) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**00.05 In Plain Sight** (3:15) (e) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.
**00.50 King of Queens** (5:23) (e)
**01.15 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldhús meistaranna**
**20.30 Golf fyrir alla**
**21.00 Frumkvöðlar**
**21.30 Eldum íslenskt**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Fitulítil og próteinrík...

... og passar með öllu




www.ms.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### So You Think You Can Dance



Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins ellefu bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Spennan eykst því með hverjum þættinum en þessi er sá sjötti í röðinni af alls 23 talsins. Lítið sem ekkert má út af bregða hjá keppendunum sem þurfa að hafa einbeitinguna í lagi ef ekki á illa að fara. Dómarar í þessum gríðarlega vinsæla sjónvarpsþætti eru þau Nigel Lythgoe, Adam Shankman og Mia Michaels. So You Think You Can Dance hefur verið í loftinu síðan 2005 og hefur þátturinn hlotið sex Emmy-verðlaun.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Three Rivers
### Skjár einn kl. 20.55

Three Rivers er dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum. Þáttaröðin gerist á sjúkrahúsi í Pennsylvania í Bandaríkjunum þar sem áhersla er lögð á líffæraígræðslur. Alex O'Loughlin fer með hlutverk þekkts skurðlæknis sem þarf að taka á honum stóra sínum hvað eftir annað.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Silfuröld revíunnar
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Vasaleikhúsið heimsækir
21.30 Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Girni, grúsk og glóríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 E.R.** (6:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Monk** (3:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrian Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

▶**22.30 Lie to Me** (5:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun.

**23.15 Twenty Four** (24:24) Áttunda seríán af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé.

**00.00 E.R.** (6:22)

**00.45 The Doctors**

**01.30 Sjáðu**

**01.55 Fréttir Stöðvar 2**

**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Only Fools and Horses **12.55** Only Fools and Horses **13.25** My Hero **13.55** My Family **14.25** After You've Gone **14.55** After You've Gone **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Little Britain **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** Mistresses **20.20** Whose Line Is It Anyway? **20.50** The Weakest Link **21.50** After You've Gone **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.50** Little Britain **23.20** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **23.50** Mistresses

## DR 1

**12.00** Vagn i Japan **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Diagnose soges **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Karlsson på taget **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** Ønskehaven **18.00** Flådens historie **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Horisont Special **20.35** Hjerteslag **21.30** Tæt på. En mors mareridt **22.20** Så er der pakket **22.45** Naruto Uncut **23.10** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommertid **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Poirot **14.40** Dallas **15.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Doktoren på hjørnet **18.00** Menneskets store vandring **18.50** Tradisjonshandverk **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Damenes detektivbyrå nr. 1 **21.15** Kveldsnytt **21.30** Krøniken **22.30** Millionær i forkledning **23.15** 20 sporsmål **23.40** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.25** Kostervalsen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hemma hos Caroline af Ugglas **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Hemliga svenska rum **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Om Stig Petrés hemlighet **20.00** Det kan hända dig **21.40** STCC **22.35** Bergmans hushållerska **23.35** Förgiftad



## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst sjúklega gott að grilla humar með hvítlauksolíu, skella þessu á ristað brauð með appelsínudressingu. Sumarlegt og seiðandi!“*

Edda Guðmundsdóttir, fatahönnuður.

# Ítalir hrifnir af Sunbird

„Ég veit ekkert hvernig þeir fundu okkur en ritstjórar blaðsins höfðu samband við mig gegnum netið og vildu fjalla um merkið,“ segir Sunna Dögg Ásgeirsdóttir fatahönnuður og eigandi barnafatamerkisins Sunbird sem nýlega fékk eftirsóknarverða umfjöllun í ítalska barnatískublaðinu Collezione Baby. Blaðið sérhæfir sig í barnafötum og er íslenska barnafatamerkið að sögn blaðsins eitt af flottustu merkjum utan meginlands Evrópu. Blaðið er skrifað bæði á ensku og ítölsku og dreift í mörgum löndum.

„Þetta er náttúrulega frábært að fá svona umfjöllun og gríðarlega mikilvægt þegar maður er að fóta sig á stórum markaði,“ segir Sunna Dögg. Tæpt ár er síðan merkið var stofnað og er hún núna að vinna í að selja fötin út fyrir landsteinana. Sunbird hefur fengið bás á dönsku tískuvikunni í haust þar sem hún mun sýna línuna fyrir næsta sumar. Vonast hún eftir að umsögnin í blaðinu eigi eftir hjálpa þeim þar.

„Við höfum fengið fyrirspurnir frá búðum erlendis sem ætla að kíkja á básinn okkar í Kaupmannahöfn og ég held að þessu blaði verði dreift til gesta sýningarinnar svo við vonum bara það besta,“ segir Sunna sem mun standa vaktina ásamt sambýlismanni sínum Hauki Hrafni Þorsteinssyni og selja erlendum kaupendum íslenska hönnun. **- áp**



**SUNNA DÖGG** Á leiðinni með barnafatamerkið Sunbird á dönsku tískuvikuna




**SUNBIRD** Fær eftirsóknarverða umfjöllun í ítölsku tískublaði fyrir börn.



**LÁRÉTT**
**2.** vöndull, **6.** úr hófi, **8.** poka, **9.** tálknblað, **11.** lést, **12.** langintes, **14.** bæ, **16.** málmur, **17.** arinn, **18.** rénun, **20.** á fæti, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** ryk, **4.** lostakvalari, **5.** nögl, **7.** litur, **10.** holufiskur, **13.** tangi, **15.** sólbaka, **16.** spíra, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** visk, **6.** of, **8.** mal, **9.** tön, **11.** dó, **12.** sláni, **14.** bless, **16.** ál, **17.** stó, **18.** lát, **20.** il, **21.** arfa.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** ím, **4.** sadisti, **5.** kló, **7.** fölblár, **10.** nál, **13.** nes, **15.** sóla, **16.** ála, **19.** ff.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Björn Lárus Örvar.
2. Það eru þrjátíu ár.
3. Þær fara í partí í Playboy-höllinni í kvöld.



**UNG OG EFNILEG** Elena Dís komst nýlega inn í konunglega ballettinn í Danmörku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ELENA DÍS: ÁTTA ÁRA BALLERÍNA SITUR FYRIR Í VOGUE BAMBINI

# Uppgötvuð með ömmu sinni í Húsdýragarðinum

„Ég var með rosalega flott hár og fannst þetta mjög gaman. Ég lærði að gera svona sjálf og ætla að sýna Karólínu systur minni þegar ég kem heim. Við fengum að skipta tvisvar sinnum um föt og við frænkurnar áttum skemmtilegan dag,“ segir hin átta ára gamla Elena Dís Ásgeirsdóttir.

Elena Dís var með ömmu sinni og frænku sinni, Arndísi Erlu Örvarsdóttur, í Húsdýragarðinum um síðustu helgi þegar ljósmyndarinn Anna Pálma sá frænkurnar og gaf sig á tal við þær. Hún bauð þeim að sitja fyrir í myndaþætti fyrir ítalska tímaritið Vogue Bambini sem tekinn var hér á landi fyrir helgi. Elena hefur tekið þátt í nokkrum myndatökum frá því að hún var lítil og var til að mynda í jólasjónvarpsauglýsingu fyrir netverslunina Littlewoods og í Junoir Magazine.

Það er ýmislegt í gangi hjá þessari átta ára hnátu þessa dagana því fyrir stuttu fékk hún inngöngu í Konunglega ballettinn í Danmörku. „Það er mjög erfitt að fá inngöngu í þennan ballett. Oftast eru þær í kringum 10 eða 11 ára sem fá inngöngu auk þess sem Elena var sú eina af Suður-Jótlandi sem komst inn,“ segir Tinna Bessadóttir, stolt af dóttur sinni. Þessi elíta myndar hóp ballettstúlkna sem sýnir meðal annars við konunglegar athafnir fyrir Danadrottningu og gesti hennar.

Tinna segir fjölskylduna ekki hafa verið með það alveg á hreinu um hversu stórt mál væri að ræða þegar Elenu var boðið að mæta í prufu. „Við komum á svæðið og tókum allt í einu eftir öllu stressinu í kringum okkur. Þegar við sáum að stelpur voru skælandi eftir að hafa fengið neitun áttuðum við okkur á því að um eitthvað stórt mál væri að ræða,“ segir Tinna. Tveir sérfræðingar voru á svæðinu til að skoða beinabyggingu stúlknanna mjög vel því stúlkurnar í þessum hóp þurfa að hafa hana alveg fullkomna.

Þrátt fyrir að þessi ballett sé mjög stórt mál fyrir ballettdansara er æfingum haldið í lágmarki. Hugmyndafræðin á bak við æfingar er að æfa ekki of mikið heldur æfa vel. Passað er vel upp á líkama stúlknanna og reynt að koma í veg fyrir meiðsl eins vel og hægt er. „Þetta er auðvitað gífurlegt tækifæri fyrir Elenu þar sem þessi ballett opnar mikla möguleika á að starfa sem ballettdansari í framtíðinni ef áhugi er fyrir hendi,“ segir Tinna.

**linda@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Lagið Go Do með **Jónsa** í Sigur Rós er notað í nýrri auglýsingu alþjóðlega málningarfyrirtækisins Dulux sem verður sýnd víðs vegar um Evrópu og víðar á næstunni. Auglýsingin er hluti af Let´s Colour-verkefninu sem snýst um að mála grá svæði víða um heiminn með litríkri málningu. Lag Jónsa á vel við auglýsinguna, enda er það einmitt líflegt og litríkt rétt eins og klæðnaður tónlistarmannsins hefur borið vott um í tónleikaferð hans. Sú ferð hefst á nýjan leik í Berlín á föstudaginn eftir nokkurra vikna hlé.

Liðsmenn Breiðbandsins vöktu athygli í Popppunkti með því að mæta nauðasköllóttir til leiks og í litríkum Havaí-skyrtum. Með því vildu þeir votta þáttastjórnendunum, þeim Felix Bergssyni og **Dr. Gunna,** virðingu sína. Breiðbandið hafði mikið fyrir því að komast í þáttinn og samdi lagið Popppunktur í þeim tilgangi að komast í sjónvarpssal. Dr. Gunni heyrði lagið á Youtube og sá sig knúinn til að hleypa sveitinni í þáttinn. Þrátt fyrir metnaðarfullan undirbúning Breiðbandsins dugði hann ekki til því sveitin féll úr keppni og er því Popppunktsævintýri sveitarinnar á enda runnið.



Listahátíðin Villa Reykjavík hóf göngu sína á föstudaginn. Daginn eftir sýndu nýútskrifaðir listamenn úr LHÍ matjurtaræktun sína uppi á þaki gallerísins Kling og Bang og úti í garði var haldin garðveisla. Ekki vildi betur til en svo að mikil rigning skall á og brá **Erling Klingenberg**, forsprakki Kling og Bang, á það ráð að hringja í bróður sinn, sem á stóran sendiferðabíl, og fá hann til að mæta á svæðið. Borðum og stólum var hrúgað inn í bílinn og fengu gestir þar kærkomið skjól frá rigningunni. **- fb**



# Hljóðupptökunám í Orlando

„Þetta er mjög nútímalegur skóli og það er frábært að vera þarna,“ segir Benedikt Steinar Benediktsson. Hann stundar nám í hljóðupptökutækni við hinn virta háskóla Full Sail í Orlando í Bandaríkjunum. Benedikt er í BA-námi um þessar mundir og hyggur á meistaranám að því loknu.

Full Sail er þriðji stærsti háskólinn í Bandaríkjunum sem leggur áherslu á tónlistar- og kvikmyndageirann og eins og gefur að skilja kostar námið skildinginn. „Ég er að borga 70 þúsund dollara fyrir BA-gráðu og svo auka 50 þúsund fyrir master, auk kostnaðarins að búa þarna. Þetta er dýrt en þetta borgar sig alveg,“ segir Benedikt, sem er 22 ára.

Þeir sem útskrifast úr hljóðupptökutækni starfa meðal annars við að setja hljóð inn á kvikmyndir og við að taka upp tónlist fyrir aðra. Benedikt hefur sjálfur unnið töluvert með íslenska hip hop-upptökuteyminu Redd Lights, sem hefur starfað með söngvarnum Friðriki Dór, auk þess sem hann gaf út hip hop-plötuna Svona rúllum við undir merkjum Benna Valdez og Brisk. Benedikt kynntist nemanda í Full Sail sem hefur samið tónlist fyrir útgáfufyrirtæki sem er í eigu rapparans 50 Cent. Þessi strákur hefur fengið tónlist frá Redd Lights í hendurnar og hugsanlega kemur eitthvað út úr því á næstunni.

Benedikt flaug aftur til Orlando í gær eftir vikufrí á Íslandi. Hann lýkur BA-prófinu eftir tíu mánuði og eftir það taka við tólf mánuðir í strembnu meistaranáminu. **- fb**



**LÆRIR HLJÓÐUPPTÖKUTÆKNI** Benedikt stundar nám í hljóðupptökutækni við virtan háskóla í Orlando í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32
Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.

Jói úthérji
síðan 1999




..................................

boltinn heldur áfram að rúlla .........

**Útsalan hefst í dag ......**

...... allt að **70%** afsláttur af allri útsöluvöru

Jói útherji
síðan 1999

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími 588 1560

**www.joiutherji.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



visir.is
*"...ég sá það á vísi"*


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stuð í þrítugsafmæli

Þrítugsafmæli sjónvarpsmannsins Auðuns Blöndal, sem var haldið á skemmtistaðnum Square við Lækjartorg á laugardagskvöld, var afar vel sótt. Á meðal þeirra sem mættu á staðinn og heiðruðu vin sinn voru fótboltakapparnir **Eiður Smári Guðjohnsen** og Arnar Gunnlaugsson, Sveppi, Pétur Jóhann Sigfússon og þeir félagar Simmi og Jói. Óvæntur skemmtikraftur tróð upp fyrir tilstuðlan þeirra Sveppa og Péturs Jóhanns, eða grínistinn Ari Eldjárn. Uppistand hans vakti mikla lukku og hlógu menn sig máttlausa að eftirhermuatriðum hans. Meðal annarra sem tróðu upp við góðar undirtektir voru Sverrir Bergmann og þeir Jói og Gói.



### Götulistamaður?

Vegfarendum Austurstrætis fyrir helgi brá mörgum í brún þegar þeir sáu að enginn annar en þingmaður Sjálfstæðisflokksins **Árni Johnsen** sat þar á gangstétt með gítar og raulaði þekkta íslenska slagara fyrir viðstadda. Johnsen, sem meðal annars er þekktur fyrir að halda uppi stuðinu á Þjóðhátíð í Eyjum, tók þekkta slagara á borð við Frelsið er yndislegt við mikinn fögnuð viðstaddra sem dilluðu sér í takt við gítarleik þingmannsins. Árni var þó ekki með tóman hatt fyrir framan sig eins og aðrir skemmtikraftar götunnar en atvikið mun vera liður í að lokka landsmenn á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannhelgina.



- fb, - áp

## Mest lesið visir.is


1 Brasilískur fótboltakappi skar kærustuna í bita og henti fyrir hundana
2 Nýr Landspítali eins og Land Cruiser
3 Kastaðist af vélhjóli á Miklubraut
4 Kviknaði í húsbíl í Fellunum
5 Maðurinn fundinn heill á húfi
6 Þúsund manns komu saman á „Úlfalda“



Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



# Sumartilboð HP

FRÁBÆRT VERÐ




## Pavilion dv6 2010eo

**149.400 kr.**

Verð áður:179.900 kr.

Örgjörvi: AMD Turion II Dual Core M520 2,3 GHz, 1 MB Level 2 cache Harður diskur: 320GB SATA 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4530 512MB DDR3 Geisladrif: LightScribe DVD+/-RW Mesta minni stutt: 8GB Vinnsluminni: 4 GB DDR2 (2x2GB) Minniskortalesari: 5-í-1 Stýrikerfi: Microsoft Windows 7 Home Premium 64 bita



HP Deskjet D1660

**9.990 kr.**

Ódýr og góður litaprentari sem hentar vel til skjalaútprentunar.



HP PHOTOSMART All-In-One

**19.900 kr.**

Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



HP PHOTOSMART AIO WiFi

**24.900 kr.**

Þráðlaus fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.

### HP fartölvur fást hjá samstarfsaðilum um land allt:

| Verslun | Heimilisfang | Sími: |
|---|---|---|
| OK búðin | Höfðabakka 9, Reykjavík | 570 1000 |
| OMNIS Keflavík | Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ | 444 9900 |
| OMNIS Akranesi | Dalbraut 1, Akranes | 444 9900 |
| OMNIS Borganesi | Brúartorgi 4, Borgarnes | 444 9900 |
| TRS Selfossi | Eyrarvegi 37, Selfoss | 480 3300 |
| Start Kópavogi | Bæjarlind 1, Kópavogur | 544 2350 |
| Bókaverslun Þórarins Stefánssonar | Garðarsbraut 9, Húsavík | 464 1234 |
| Eyjatölvur | Strandvegur 52, Vestmannaeyjar | 481 3930 |
| KS Kaupfélag Skagfirðinga | Ártorgi 1, Sauðárkrókur | 455 4537 |
| A4 Reykjavík | Smáratorgi 1, Kópavogur | 580 0000 |
| A4 Akureyri | Gleráreyrum 2, Akureyri | 580 0000 |
| BT Skeifunni | Skeifunni 11, Reykjavík | 550 4444 |
| BT Akureyri | Glerártorgi, Akureyri | 550 4444 |

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

VERT - 13378

* Skv. úttektum IDC.

OPIN KERFI
25 ára

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.